


# Freógnir

31. árg. • Sept. 2005 • Nr 77



SOROPTIMISTASAMBAND ÍSLANDS

# Ritstjórnar Línur



## Kæru systur,

Þegar sumri tekur að halla og hausta fer hefjum við vetrarstarfið að nýju. Það er von okkar að þið, kæru systur, hafið átt gott og gæfuríkt sumar. Blaðið er með hefbundnum hætti, þar sem finna má forsetasiðuna, fundargerð landssambandsfundarins, skýrslu sendifulltrúa, ferðasögur systra, umfjöllun um „stór“ afmæli Kópavogsklúbbsins og Bakka- og Seljakkklúbbsins auk annarra mjög áhugaverðra greina. Fregnir eru vettvangur okkar til að miðla upplýsingum til systra bæði um störf landssambandsins og klúbba-anna. Fögnum við því hvað systur eru áhugasamar og duglegar að senda inn greinar í þetta sameiginlega mál gagn okkar.

Munaðarnesfundurinn verður haldinn fyrstu helgina í október og er dagskrá fundarins birt hér í blaðinu. Á hinum árlega fundi í Munaðarnesi er farið yfir ýmis mál er tengjast vetrarstarfinu, skipst á skoðunum, velt fyrir sér ólíkum hugmyndum og hlýtt á áhugaverða fyrirlestra. Á þessum fundum koma systur saman frá öllum klúbbum á landinu til að fræðast en ekki síður til að gleðjast saman. Við hvetjum allar systur, hvort sem þær eru í embættum fyrir landssambandið eða sína klúbba, að fara í Munaðarnes. Eftir setu á slíkum fundum er eins og systur fyllist eldmóði og verði enn öflugri til að takast á við verkefni vetrarins. Nýjar hugmyndir fyrir vetrarstarfið vakna, ný vináttubönd myndast og önnur styrkjast.

Á sendifulltrúafundi í Vínarborg 6.-7. júlí sl. kom fram að lykilorð Monique Rivière, næsta Evrópuforseta verður VIRÐING, sem við getum notað í tengslum við öll okkar verkefni. Ég held að við getum allar verið sammála um mikilvægi þess að bera virðingu fyrir öðrum og láta það sjást í verkum okkar. Almenn virðing fyrir öllum og öllum virðist fara dvínandi. Vert er að vekja fólk til umhugsunar um mikilvægi þess að bera virðingu fyrir öðrum manneskjum, verkum þeirra og hugmyndum. Við verðum að læra að meta og bera virðingu fyrir fólki eins og það er, en ekki eins og við viljum að það sé. Sýna umburðarlyndi.

Kæru systur, við vonum að þið eigið giftusamt vetrarstarf fyrir höndum hvort sem það er á vegum Soroptimista eða í einkalífi.

*Með kærri kveðju frá ritnefndinni.*

Hafdís Karlsdóttir  
Sigurrós Þorgrímsdóttir  
Borghildur Vigfúsdóttir  
Hólmfríður Pálsdóttir  
Margrét Guðjónsdóttir  
Þorbjörg Kristinsdóttir



## Hvatning Soroptimista

Sýnum drenglyndi og verum einlæggar í vináttu. Verum reiðubúnar til hjálpar og þjónustu. Sýnum í verki skilning og friðarvilja. Setjum markið hátt og vinnum störf okkar með sæmd og ábyrgðartilfinningu.

## Markmið Soroptimista

Að vinna að bættri stöðu kvenna. Að gera háar kröfur til siðgæðis. Að vinna að mannréttindum öllum til handa. Að vinna að jafnrétti, framförum og friði, með alþjóðlegri vináttu og skilningi.

**Soroptimistar skulu beita sér fyrir:**  
að veita þjónustu í heimabyggð, heimalandi og á alþjóðavettvangi,  
að taka virkan þátt í ákvarðanatöku hvarvetna í þjóðfélaginu.

## Skilafrestur

í næsta blað Fregna, jólablaðið,  
er 10. nóvember  
Efni skal skilað á tölvutæku formi,  
annað hvort á diskni eða í tölvupósti.  
Hafdís Karlsdóttir, Löngubrekku 23,  
200 Kópavogi  
tekur við efni á netfangið  
hafdis@in.is

# Efnisyfirlit

Ritstjórnar línur .....	2
Forsetasiða. ....	4
Haustfundur í Munaðarnesi .....	5
Afmælisferð Bakka- og Seljasystra .....	6
31. Landssambandsfundur Soroptimista .....	8
Nýjar konur í Soroptimistaklúbbi Keflavíkur .....	12
Ferðapunktur frá Soroptimistapinginu í Vín 2005 .....	13
Sendifulltrúafundur í Vínarborg 6.-7. júlí 2005 .....	15
Friðarhlaup í Rúanda .....	18
Ísland örum skorið .....	20
Ferðalag vorið 2004 .....	21
Húsnæðismál aldraðra .....	22
Kveðja frá Soroptimistaklúbbi Keflavíkur .....	23
Kveðja frá Soroptimistaklúbbi Kópavogs .....	23
Kópavogsklúbburinn 30 ára .....	24
Hildur Hálfðanardóttir heiðruð .....	25
Nýjar konur í Soroptimistaklúbbi Bakka og Selja .....	25
Soroptimistar í Heiðmörk .....	26
Heimsókn til Kárahnjúkakvenna .....	26

Fregnir er fréttablað Soroptimistasambands Íslands  
 Heimasíða Soroptimistasambands Íslands er [www.soroptimist.is](http://www.soroptimist.is),  
 netfang stjórnar er [stjorn@soroptimist.is](mailto:stjorn@soroptimist.is),

*Forsíðumynd: Ungir hlauparar hófu friðarhlaupið. Margrét Helgadóttir, Hafnarfirði og Garðabæ tók myndina.*  
 Prentvinnsla: Prentsmiðjan Steinmark



# ForsetaSíða



Sigríður  
Þórarinsdóttir

Kæru systur.

Takk fyrir ánægjulega samveru á landsambandsfundinum á Seltjarnarnesi síðastliðið vor.

Nú þegar vetrarstarfið hefst á ný vona ég að þið hafið allar átt gott og gefandi sumar og mætið hressar og endurnærðar til leiks.

Sumarið hjá mér hefur verið sannkallað Soroptimistasumar sem hófst með heimsókn til Rúanda í maí, þátttöku í fyrsta alþjóðlega friðarmarathoninu og stofnun landssambands Soroptimista þar. Þetta var einstök lífsreynsla sem lætur engan ósnortinn. Allt verðmætamat og lífssýn fær annað gildi eftir að hafa upplifað þær aðstæður og kjör sem almenningur lifir við á þessum slóðum. Þarna fær allt okkar starf öðruvísi hljómgrunn og það, sem eru smámunir í okkar augum, getur vegið þungt hjá þeim. Systur okkar í Rúanda eru svo sannarlega að gera góða hluti með dyggri aðstoð klúbba í Evrópu. Íslendingarnir í ferðinni, jafnt Soroptimistar og

aðrir, voru líka duglegir að leggja góðum verkum lið, með peningagjöfum og öðru, hvenær sem tækifæri gafst. Það var líka sérstaklega gaman að vera Íslendingur þarna, þar sem maraþonhlaupararnir okkar, ungu konurnar þrjár, stóðu sig svo vel að sérstaka athygli vakti. Þær fengu peningaverðlaun fyrir frammistöðu sína, sem þær gáfu til góðra verkefna Soroptimista í Rúanda. Sannar heiðurskonur sem hljóta okkar bestu þakkir fyrir.

Í byrjun júní var mér og ritara landsambandsins boðið að taka þátt í 30 ára afmælishátíð Kópavogsklúbbsins sem þær héldu að Glym í Hvalfirði. Einstaklega ánægjuleg hátíð þar sem m.a. mættu 9 eldhressir stofnfélagar klúbbsins. Kópavogskonur notuðu þetta tækifæri til að gera heiðurskonuna Hildi Hálfanardóttur að heiðursfélagu klúbbsins, athöfn sem mér þótti ákaflega vænt um að fá að vera viðstödd. Hildur hefur verið alveg ómetanleg systir fyrir sinn klubb og fyrir alla íslenska Soroptimista.

Sendifulltrúafundurinn í Vín var síðan í byrjun júlí og Evrópuþing Soroptimista í beinu framhaldi af því. Þar hittust 1300 systur frá öllum löndum Evrópusambandsins, þar á meðal 21 frá Íslandi, og nutu samveru með fræðilegu ívafi. Nánari frásögn af báðum viðburðunum eru á öðrum stað í blaðinu. Mig langar samt að ítreka það sem verðandi forseti Evrópusambands Soroptimista, Monique Rivière, lagði mikla áherslu á, en það er virðing og umburðarlyndi, auk áframhaldandi vinnu að friðarverkefnum.

Virðing fyrir öllu og öllum í okkar nánasta umhverfi og í víðara samhengi. Verum duglegar að uppfræða og innprenta öðrum umburðarlyndi og virðingu, þannig stuðlum við best að friði.

Starfsár Soroptimista hefst þann 1. október og mikilvægt er að undirbúa vetrardagskrána vel í hverjum klúbbi. Vonandi hjálpar vinnan sem við höfum í Munaðarnesi á síðasta ári við undirbúninginn þar sem hver klubbur tekur mið af sínum styrkleika og veikleika. Einnig er mikilvægt að þeir embættismenn sem eru að enda sitt tímabil, fylgi nýjum embættismönnum vel úr hlaði og hjálpi þeim eftir þörfum. Allt klubbstarfið er á ábyrgð okkar allra.

Einkunnarorð forseta Evrópusambandsins eru áfram „Konur vinna að friði“. Hver og einn klubbur velur sér verkefni innan þess málaflokks á sínu svæði. Þeir sem þess hafa óskað styrkja áfram „Project Independence“. Saman munum við taka þátt í „16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi“ ásamt fleiri félagasamtökum 25. nóvember til 10. desember og að venju styrkjum við 10. desember verkefni forseta Soroptimist International.

Í ár verður fundurinn í Munaðarnesi 30. september til 2. október. Dagskrá hans er að finna hér í blaðinu og vonast ég til að sjá ykkur sem flestar og að við eigum þar góða og gleðiríka helgi saman.

Sigríður Þórarinsdóttir

## Afmæli:

- 10 ára afmæli klúbbsins í Vilnius Old Town, Litháen 26. - 28. ágúst 2005
- 10 ára afmæli klúbbsins í Bucharest í Rúmeníu 29. september - 1. október 2005
- 50 ára afmæli klúbbsins í Huy í Belgíu 15. október 2005
- 40 ára afmæli klúbbsins í Burgdorf í Sviss 12. - 13. nóvember 2005
- 50 ára afmæli SI/Bosphorus haldið í Istanbul í Tyrklandi 2. - 4. júní 2006

## Ýmislegt:

- Soroptimist Satin Season in Crimea hjá Dnepropetrovsk klubbnum í Úkraníu 9. - 18. september 2005
- Frönskudagar hjá klubbnum í Monte Carlo í Monaco 28. apríl - 1. maí 2006
- Friðarmarathon í Rúanda 14. maí 2006
- Evrópu fundur og vinadagar í Lisbon í Portugal 22. - 24. september 2006
- XVIII Alheimsping SI, Glasgow, Skotlandi SI/BGI haldið 29. júlí - 3. ágúst 2007

# Haustfundur í Munaðarnesi

30. september - 2. október 2005

## Föstudagur 30. september

19.00 Skráning.  
Samvera úti og inni, heilsað upp á systur.

## Laugardagur 1. október

08.30 - 09.00 Mæting og skráning.  
09.00 - 09.15 Forseti setur fundinn.  
09.15 - 10.00 Fréttir af sendifulltrúafundinum í Vín.  
Frásögn frá Evrópuráðstefnunni í Vín.  
10.00 - 11.30 Landssambandið, framsöguerindi og hópvinna  
11.30 - 13.00 Matarhlé.  
13.00 - 14.00 Friðarmaraþonið í Rúanda.  
Friðarverkefni.  
14.00 - 14.15 Önnur mál  
14.15 - 14.30 Umræður  
14.30 Fundarstjóri lýkur störfum.  
Forseti slítur fundi.

15.00 - 17.00 Háskólasamfélagið að Bifröst heimsótt.

Hlé.

19.00 Hátíðarkvöldverður með skemmtidagskrá

## Sunnudagur 2. október

10.30 - 12.00 Hópstjórar leiðbeina embættismönnum með aðstoð handbóka embættismanna.

*Nauðsynlegt er að embættismenn klúbba mæti.*

*Ath: Hver klúbbur greiðir fyrir þær systur sem skráðar eru á fundinn en mæta ekki.*

*Dagskráin er birt með fyrirvara um breytingar*

# Afmælisferð Bakka- og Seljasystur

til klúbba norðan heiða 20. - 22. maí 2005

Soroptimistaklúbbur Bakka og Selja verður 25 ára í október nk. Stjórn klúbbsins með formanninn okkar, Kristínu Norðfjörð, í fararbroddi tók þá snjöllu ákvörðun að byrja að fagna afmælisárinu með hækkandi sól og væntanlegri vorblíðu. Heiðra skyldi klúbbana þrjá norðan heiða með nærveru okkar afmælisbarnanna. Fyrir milligöngu tveggja klúbbsystur höfðum við fengið inni á Akureyri, nánar tiltekið í orlofsibúð Starfsmannaráðs Ríkisspítalanna að Hrafnagilsstræti 26 (kemur sér vel að eiga systur í mörgum starfsgreinum). Fyrir en varði var ferðahelgin framundan og skal nú stiklað á stóru í eftirfarandi ferðasögu:

## Föstudagurinn 20. maí

Við upphaf fyrsta ferðadags var orðið ljóst að 17 heppnar systur áttu heimangengt þessa langþráðu helgi. Farið var á fimm bílum, þrjár um morguninn og tveir um eftirmiðdaginn. Undirrituð fór um morguninn ásamt þremur öðrum systur, en við stýrið sat Kolbrún, varaformaður. Fyrsti áfangastaður morgunbílur var Bónus í Borgarnesi, hvar verslað skyldi ódýrt sameiginlegan morgunmat og eitthvert nasl til að maula á væntanlegum dvalarstað. Í framhaldinu var kaffisopinn nauðsynlegur á nærliggjandi eldsneytisstöð. Næsti áfangastaður var Blönduós, hvar morgunsystur settust saman yfir bragðgóðri gúllasúpu í fallegu bláu húsi við árbakkann. Næst á dagskrá var kaffiboð hjá Ólöfu Akureyrarsystur og bónda á Bakka í Öxnadal. Þegar stóra stundin nálgast brunaði því miður einn bílstjóranna okkar óvart framhjá og áttaði sig ekki fyrir en um seinan, að snúa við. Bakka-bóndann hittum við fyrir inni í fjósi, þ.e. formaður vor reið á vaðið með því að ryðjast inn um aflóga hurð, sem féll þegar í gólfíð og mátti þakka fyrir að ekki varð undir bóndi né kálfur. Innandyra gat að líta mikilfenglegan „róbott“. Í framhaldinu lýsti Ólöf fyrir dolföllnum systur um hlutverki vélmennisins við mjaltir



Heima í stofu hjá Ólöfu á Bakka.

og hegðun kúnna í nálægð hans. Því næst lá leiðin inn í kirkju staðarins sem mun vera sú allra elsta í Eyjafjarðarprófastsdæmi, vígð 1843. Öllu fróðari var systur nú boðið í hús í kaffi og meðlæti að hætti Ólafar. Meðal annarra kræsinga voru nýjar, en sömu gómsætu kleinurnar, sem glöddu gesti í sólinni í Laufási á norrænu vinadögum hér um árið. Nú var að kveðja góða og gestrisna systur og drífa sig til Akureyrar að kíkja á vistarverur og snurfusa sig áður en haldið yrði til Siddýjar (Sigríðar Ágústsdóttur, sendifulltrúa) sem boðið hafði í fordrykk á sínu fallega og listræna heimili. Orlofshúsið reyndist vera á tveimur hæðum, með ýmis herbergi og tók smá tíma fyrir konur að para sig saman og skilja eftir nægjanlegt rými fyrir ókomnar systur. Brátt var skundað til Siddýjar en þar áttum við yndislega stund í hópi systur úr Akureyrarklúbbum. Kvöldið hjá klúbbsystur endaði svo með léttum kvöldverði á Greifanum. Áður en gengið var til náða sá snyrtifræðingur hópsins um að hver og ein systir fengi í hendur góð og gild hreinsi- og næturkrem og stýrði réttir meðferð þeirra.

## Laugardagurinn 21. maí

Víti menn, um morguninn blasti við alhvít jörð og snjócoma. Framundan gönguferð með Akureyrarsysturum í Kjarnaskógi. Jólansjór í Kjarnaskógi, þvílík fegurð, en spurning um árstíma. Siddý, nú leiðsögumaður, fór fyrir hópnunum en með í för voru tvær enskar systur frá Yorkshire, sem staddar voru á Akureyri, þær Thelma de Leeuw, fyrrum alheimsforseti (1989-91) og vinkona hennar Kate Goddard. Við frekari eftirgrensulan hjá hinni alvitru Kristínu Einarsdóttur, verðandi upplýsingafulltrúa, fékk undirrituð eftirfarandi upplýsingar um þessar ágætu systur: „Þær unnu báðar mikið að undirbúningi alþjóðþingsins í Sheffield 1975 og mundu vel eftir að hafa hitt Halldóru Eggertsdóttur þar. Halldóra og Hólmfríður Sigurðardóttir settu upp myndasýningu á þinginu frá Vestmannaeyjagöngu vegna þess að „Action-fund SI/E“ sendi styrk til uppbyggingar í Eyjum. Halldóra var fánaberi á íslenskum þuningi (upplut) og það mundi Thelma mjög vel“.

Í miðri gönguferð mættu okkur glaðlegar systur sem buðu upp á hressandi



*Það er svo gaman að vera saman.*

vökva í jólalitnum og síðan áfram gakk að miðstöð staðarins. Þar beið okkar gómsætur „brunch“ sem systur í Akureyrarklúbbsi höfðu útbúið. Formaður þakkaði fyrir rausnarlegar móttökur og afhenti klúbbsnum gler-skál að gjöf eftir Ingunni systur okkar. Þá var að undirbúa sig undir ferð á fund Húsavíkursystra en fallet Safnahúsið var móttökustaður systra þar á bæ. Skoðuð voru hin ýmsu söfn hússins undir fróðlegri leiðsögn forstöðumanns en að því loknu var sest í kaffihorn safnsins og snæddar afar ljúffengar súkkuladípönnukökur og soðið brauð að hætti Húsavíkursystra. Meðan systur sötruðu kaffi sögðu formenn beggja klúbba frá starfsemi sinni og Kolbrún las tvö ljóð eftir Vilborgu Dagbjartsdóttur sem lýstu vel hlutverki kvenna fyrir og nú. Húsavíkursystur fengu einnig að gjöf gler-

skál eftir Ingunni. Þá var að drifa sig heim til Akureyrar því að búið var að panta dýrðarinnar kvöldverð á Friðriki V. Heimkomnar systur snyrtu sig og skreyttu og að viðbættum sólbúnum kinnalit, leyst af hendi snyrtifræðingsins, var haldið af stað. Hjá Friðriki reyndist biðin eftir kræsingunum býsna löng en margfalt þess virði, þvílíkt lostæti, humarinn og nautasteikin. Steinunn, matgæðingur hópsins, átti heiðurinn að undirbúningi þessarar kvöldstundar. Saddar og ánægðar héldu sumar heim í hús, en aðrar tóku þátt í fjörinu á skemmtistaðnum Vélsmiðjunni.

### Sunnudagurinn 22. maí

Næst á dagskrá var systramót á Hótel Tindastóli á Sauðárkróki. Snæddum við þar saman ljúffenga súpu og

brauð og hér sem og á Húsavík fræddust systur um starfsemi klúbba sinna ásamt áður nefndum ljóðalestri og gler-skál að gjöf. Hótelhaldarinn fræddi okkur síðan um sögu þessa gamla og fallega uppgerða húss, en svo skemmtilega vill til að faðir Kristínar, formanns okkar, fæddist í þessu húsi hvar foreldrarnir voru með greiðasölu á árunum 1905-12. Að lokum voru konur leiddar um herbergi hótelsins en í einu herbergjanna ku vera draugagangur en í öðru má fanga ilminn af Marleni Dietrich, frá dvöl hennar þar á stríðsárunum. Enn var komið að kveðjustund og nú skyldi haldið á Blönduós að skoða heimilisíðnaðarsafnið á staðnum. Var það mjög áhugavert og sem óvæntur bónus stóð yfir opnun sýningar á listvefnaði eftir Auði Vésteinsdóttur og viti menn, þar var mætt listakonan Siddý (nú hvorki sendifulltrúi né leiðsögumaður) að fagna með vinkonu sinni. Hér með lauk formlegri dagskrá og gat nú hver bíll ráðið hraða og heimferð.

Hvílíkir dýrðardagar og hvílíkar móttökur systra norðan heiða. Ferðin mun seint eða aldrei gleymast. Hér var svo sannarlega að verki vinátta og skilningur í orðsins fyllstu merkingu, að þessu sinni innlendur og norðlenskur en með erlendu ívafi Yorksystra. Kærar þakkir elsku systur norðan heiða og verið ávallt velkomnar á okkar fund, t.d. í afmælisferð.

Ritað f.h. ferðalanga og að beiðni formanns,  
*Snjólaug Sigurðardóttir.*



*Á göngu í Kjarnaskógi, talið frá vinstri, Vigdís Pálsdóttir, Thelma de Leeuw, Kate Goddard, Sigríður Ágústsdóttir, Kristín Norðfjörð*



# 31. Landssambandsfundur

Soroptimista, haldinn laugardaginn 16. apríl 2005 í Félagsheimili Seltjarnarness.

## 1. Setning fundar og kosning í embætti fundarins

Sigríður Þórarinsdóttir setti fundinn og bauð systur velkomnar. 187 systur voru mættar og voru 150 bókaðar í kvöldverð. Fundurinn var helgaður hugsjónum okkar og vinnu að friði.

Fríðardúkkur, barnateikningar og fríðarljóð voru til sýnis ásamt möppu með íslenskum fríðarsamningum.

Sigríður gerði að tillögu sinni að hún sjálf myndi sjá um fundarstjórn, var það samþykkt.

Fundarritarar voru Melkorka Sigurðardóttir og Anna Karlsdóttir Taylor, Keflavíkurklúbbi.

Teljarar voru Kolbrún Jónsdóttir Keflavíkurklúbbi og Þuríður Schiöth Akureyrarklúbbi.

Soroptimistar tóku þátt í ásamt 15 öðrum félagasamtökum. Opið hús var í Hamraborginni og skrifuð grein í Morgunblaðið. Hafdís og Ásgerður sendu einnig grein í Link. Þetta áttak endaði með álitserð sem send var til stjórnvalda. Íslenskir Soroptimistar styrktu að venju 10. desember verkefni forseta SI sem í þetta sinn var styrkur við Æskuskjól í Ho Chi Minh.

Fríðarsamningar voru sendir til forseta Evrópusambandsins, samtals 25 stk. Afrit af þeim voru til sýnis á fundinum.

Send voru 3 fríðarverkefni til Evrópusambandsins frá Bakka og Selja-, Austurlands- og Snæfellsnesklúbbi. Við tilnefndum Sigríði Víðis Jónsdóttur fréttakonu, sem okkar fulltrúa til fríðarverðlauna Evrópusambandsins, en hún hefur unnið ötullega að mannúðarmálum og m.a. stöð



Sigríður bað eftirtaldir systur að kveikja á kertum: Björk Hreinsdóttir Seltjarnarnesklúbbi fyrir landssambandsfundinn. Hrafnhildi Briem Kópavogsklúbbi fyrir landssambandið. Hafdís Karlsdóttir Kópavogsklúbbi fyrir Evrópusamband Soroptimista. Ásgerði Kjartansdóttur Reykjavíkurklúbbi fyrir Alheimssamband Soroptimista.

Sigurbjörg Hjörleifsdóttir, Grafavogsklúbbi las markmið og Sigríður Baldursdóttir, Reykjavíkurklúbbi, las hvatningu.

Sigríður minntist Sigrúnar Huldu Jónsdóttur sem lést þann 9. apríl og var jarðsett föstudaginn 15. apríl 2005. Sigrún Hulda var stofnfélagi Soroptimistaklúbbs Húsavíkur 1983 en flutti sig í Soroptimistaklúbb Kópavogs árið 1988. Hún gegndi formannsembættum í báðum þessum klúbbum auk annarra starfa. Hún var einnig varaforseti landsambandsins. Sigríður kveikti á kerti og systur risu úr sætum til minningar um hana.

## 2. Skýrslur stjórnar

Allar skýrslur hafa verið birtar í Fregnum, 76. tölublaði.

### a) Skýrsla forseta

Í viðbótarskýrslu forseta talaði Sigríður um Munaðarnes. Minnst var á SVÓT-greininguna sem systur unnu að í Munaðarnesi í fyrra og systur minntar á Munaðarnes næsta haust, 30. september til 2. október.

Forseti fór yfir „16 daga áttak gegn kynbundnu ofbeldi gegn konum“ undir stjórn UNIFEM á Íslandi, sem

hún að stofnun skóla á Indlandi sem klúbbar hér á landi styrkja. Hún mun fara með til Rúanda í maí.

Tvær konur, Bryndís Ernstsóttir, Reykjavík, og Rannveig Oddsdóttir, Akureyri, verða styrktar til að hlaupa fullt maraþon þann 15. maí í Rúanda. Sambandið styrkir Rannveigu en Hafdís Karlsdóttir, fyrrverandi forseti, styrkir Bryndísi. Hafdís varð 50 ára 2004 og afþakkaði allar gjafir en bauð fólki að setja pening í söfnunarbauk sem í söfnuðust 150.000 kr. sem hún notar til styrksins. Alls fara sautján manns frá Íslandi þar af 7 Soroptimistar.

Tuttugu konur frá Íslandi fara til Vínar í júlí á Evrópuþingið.

Forseti þakkaði þeim Margréti Helgadóttur, Kristínu Einarsdóttur og Ásgerði Kjartansdóttur tiltektina í Hamraborginni og þær góðu móttökur sem hún hafði fengið frá klúbbum en þótti miður að hafa ekki getað heimsótt fleiri klúbba.

### b) Skýrsla sendifulltrúa.

Kristín Sjöfn Helgadóttir og Sigríður Ágústsdóttir fluttu ekki sína skýrslu þar sem hún er í Fregnum, en fóru þess í stað yfir mál innflytjenda. Kannanir hafa sýnt að viðhorf ungs fólks til innflytjenda er neikvætt. Fólk finnst þeir of margir og að þeir ættu ekki að njóta sömu kjara og Íslendingar. Samkvæmt skilgreiningu Flóttamannasamnings Sameinuðu þjóðanna frá 1951 eru þeir einir flóttamenn, sem neyðast til að yfirgefa heimaland sitt vegna ofsóknar





Björk formaður Seltjarnarnesklúbbs býður gesti velkomna.

t.d. vegna kynþáttar, trúar, þjóðernis, þjóðfélagsstéttar eða stjórnmálaskoðana. Samningnum er ætlað að vernda þá sem þurfa að yfirgefa land sitt og samningurinn skuldbindur aðildarríkin til að senda þá ekki til baka ef það er hættulegt öryggi þeirra. Enginn samningur er hins vegar til um þá sem lenda á vergangi.

Talið er að þrjár af hverjum fjórum flóttamönnum í heiminum séu konur og börn. Í sumum flóttamannabúðum eru þau allt að 90%.

Flóttamannaráð Íslands var stofnað fyrir rúmum tíu árum en hlutverk þess er að hafa yfirumsjón með móttöku flóttamanna. Frá 1956 til 2003 hefur Ísland tekið á móti 420 einstaklingum og af þeim eru 267 enn búsettir hér á landi.

#### c) Skýrsla gjaldkera

Gjaldkeri fór yfir reikningana og voru þeir samþykktir. Ársreikningar landssambandsins ásamt skýringum eru á bls. 15-19 í Fregnum.

## 4. Skýrslur fastanefnda

#### a) Laganefnd.

Elin Árnadóttir, Mosfellssveitarklúbbi, flutti skýrslu laganefndar. Eitt erindi barst laganefnd um dagpeninga og kílómetragjald. Sjá Fregnir bls. 11, 76. tbl. Lagt var til að ferðakostnaður yrði greiddur gegn reikningi og kílómetragjald yrði lækkað. Líflegar umræður voru og tóku margar konur til máls.

Hjördís Gissuradóttir, Mosfellssveitarklúbbi, lagði fram frávísunartillögu sem var samþykkt og var málinu vísað til stjórnar.

Nokkrar fyrirspurnir bárust til laganefndar, eins og hvernig ætti að taka á lélegri mætingu og talað um að kynna þyrfti löggin betur. Er það í höndum hvers klúbbs fyrir sig hvernig efla eigi þekkingu á lögum landssambandsins.

#### b) Útbreiðslunefnd.

Margrét Rögnvaldsdóttir, Reykjavík ræddi skýrsluna. Hún minnti systur á að skoða starfsgreinalykla og fá fleiri til starfa þar sem fleiri hendur vinna létt verk. Jafnframt kom fram að enginn klúbbur er með færri en 20 systur og að enginn klúbbur á að fara á landssambandsfund án þess að hafa konu í framboði.

Margrét kom inn á frábæran árangur Soroptimistaklúbbs Austurlands, en systur þar eru orðnar 29 á aðeins tveimur árum. Skýrsla útbreiðslunefndar er á bls.12 í Fregnum.

#### c) Fjárhagsnefnd.

Kristjana Jónsdóttir, Skagafjarðarklúbbi, fór yfir störf fjárhagsnefndar. Enginn formlegur fundur hafði verið haldinn en notast hefur verið við tölvupóst. Fjárhagsáætlun má sjá í Fregnum bls. 13, 76. tbl.

Tillaga landssambandsins var að félagsgjöld lækki um 100 kr. á hverja klúbbsystur. Systrasjóður kemur aftur inn eftir eins árs hlé og er hann 350 kr. á systur.

Gert er ráð fyrir að rekstrarkostnaður Hamraborgar lækki um 60.000 kr., auk þess sem skuldabréf hjá KB banka greiðist upp. Áætlaður ferðakostnaður hefur verið hækkaður þar sem hann var vantallinn á síðasta starfsári. Gert er ráð fyrir tekjuafgangi 138.000 kr. Fjárhagsáætlun ásamt skýringum var send til allra klúbba og var frestur til að gera athugasemdir til 15. febrúar sl. Ein fyrirspurn barst.

## 5. Skýrslur verkefnastjóra

#### a) Alþjóðleg vinátta og skilningur

Ragnheiður Stefánsdóttir verkefnastjóri fjallaði um verkefni Evrópusambandsins „Konur vinna að friði“. Af mörgum verkefnum sem eru í gangi má nefna friðarsamninga, friðardúkkur og friðarmaræðing. Hafa sumir klúbbar erlendis komið á fót skemmtunum og boðið dúkkurnar til sölu. Ágóðinn er notaður til að styrkja friðarverkefni. Friðarmaræðing í Rúanda er fyrsta alþjóðlega Soroptimistamaræðing og verður það haldið þann 15. maí 2005. Friðarsamningarnir hafa gefið tækifæri til að komast í samband við áhrifamenn í þjóðfélaginu og til að láta rödd okkar um frið heyrast.

Ragnheiður minntist á vinaklubbana sem við íslensku klúbbar eigum. Okkar 16 klúbbar eiga samtals 50 vinaklúbba erlendis eða um þrjá vinaklúbba að meðaltali á hvern klúbb.

Skýrslu Ragnheiðar er að finna á bls. 21. í Fregnum.

#### b) Efnahags- og félagsleg þróun

Júlia Björnsdóttir verkefnastjóri las ljóð eftir Kristján frá Djúpalek „Slysaskot í Palestínu“ og fjallaði um stríð og



fríð. Júlía sagði frá Leilu, 24 ára bosniskri stúlku, sem gaf út bók árið 2001. Þar segir hún frá tveggja ára vist sinni í nauðgunarbúðum í Bosníu. Henni líður eins og gamalli ömmu. 14 ára gömul varð hún viðskila við fjölskyldu sína, sem hún sá ekki aftur fyrir en 5 árum seinna. Leila er samnefari fyrir hundruð þúsunda kvenna um allan heim, sem hafa mátt þola svo miklar hörmungar að mannflókrar við að lesa um þær. Hún bar vitni fyrir stríðsglæpádómstólnum í Haag árið 2000. Skýrsla Júlíu er á bls. 23. í Fregnum.

#### c) Heilbrigðismál

Sigurlaug Kristjánsdóttir flutti erindi fyrir Arndísi Ellertsdóttur verkefnastjóra. Því hefur verið haldið fram að stríð sem háð eru víðsvegar um heiminn í dag, séu ekki eingöngu vegna trúarbragða og ættbálkaerja, heldur skipi valdafíkn, virðingarleysi fyrir manneskjunnari og viðskiptahættir þar stóran sess. Til þess að við getum viðurkennt hlutverk okkar sem friðarsinnar og tekið þátt í friðarferlinu af fullum krafti verðum við að byrja með friðarboðskapinn inni á heimilinu, á vinnustaðnum og ekki síst innra með okkur sjálfum.

Meira en milljarður manna lifir undir fátæktarmörkum og 80% af þeim eru konur. Milli 80 - 90% af fátækustu fjölskyldum í heimi eru einstæðar mæður. Tveir þriðju hlutar af vinnuframlagi kvenna er ólaunað. Aðeins 13% af þeim sem eiga sæti á þingi eru konur, aðeins 7% gegna ráðherraembættum.

10% af öllum launum renna til kvenna. Konur eiga aðeins 1% af eignum á heimsvísu.

75% af þeim sem eru ólæsir og kunna ekki að skrifa eru konur. 80% af flóttafólki eru konur og börn. Hvað er til ráða?

Skýrsla Arndísar er á bls. 25 í Fregnum.

#### d) Mannréttindi og staða konunnar

Anna Dýrfjörð flutti erindi Margrétar Loftsdóttur verkefnastjóra.

Í skýrslu verkefnastjóra Evrópusambandsins kemur fram aukin vitund um stöðu konunnar innan fjölskyldunnar og innan starfsgreina og trúarbragða. Óteljandi fyrirlestrar, fundir og umræður voru haldnir um stöðu konunnar á þjóðlegum og alþjóðlegum grundvelli. Einkum var þó fjallað um ofbeldi gegn konum (heimilisofbeldi), stöðu flóttamanna og innflytjenda, mansal og áhrif fátæktar á líf kvenna og barna. Sagði Anna sögu af Múslimakonu sem fluttist hingað fyrir nokkrum árum og eftir fullan vinnudag biða heimilisstörfin. Hún segist oft ekki búin fyrir en um miðnætti.

Skýrsla Margrétar er á bls. 25-26 í Fregnum.

#### e) Mennta- og menningarmál

Rannveig Thoroddsen verkefnastjóri fjallaði um hvað menntun er mikilvægur hlutur og að skortur á menntun er áhrifamesta aðferðin til að ná valdi yfir fólki og þá sérstaklega konum. Með því að útiloka þær frá að mennta sig og læra að lesa eru þær gerðar að annars flokks þegnum. Það að vera læs eru mannréttindi sem auðvelda möguleika á að geta aflað sér upplýsinga um rétt sinn. Fram kom í erindi Ólafar Magnúsdóttur verkefnastjóri hjá UNICEF á Íslandi, að 120 milljónir barna í heiminum ganga ekki í skóla og þar af væru 80 milljónir stúlkur.

Með því að leggja sérstaka áherslu á menntun stúlkna nást mörg markmið. Menntaðar konur eignast færri börn en ómenntaðar en víða er barnamergrð og barnadauði stórt vandamál. Börn menntaðra mæðra eru einnig heilbrigðari. Síðan las Rannveig smá kafla úr sögu Leilu, bosniskrar



*Nokkrar af þeim friðardúkkum sem íslenskir Soroptimistar hafa gert.*

stúlku sem hefur borið vitni hjá Alþjóðadómstólnum um stríðsglæpi.

Skýrsla Rannveigar er á bls. 26-27 í Fregnum.

#### f) Umhverfismál

Laufey B. Hannesdóttir verkefnastjóri kynnti nokkur helstu eiturefnasambönd sem við losum út í andrúmsloftið. Helstu niðurstöður voru, að af losun gróðurhúsalofttegunda, er brennsla eldsneytis stærsti þátturinn. Með brennslu olíu og kola er verið að losa út í andrúmsloftið kolefni sem safnast hafa í jarðlögum á löngum tíma, talið í milljónum ára.

Bandaríkin losa mest en virðast ekkert vilja aðhafast og hafa ekki staðfest Kyoto bókunina.

Losun gróðurhúsalofttegunda vegna mismunandi landnýtingar er einn þeirra flokka sem við þurfum að skila inn tölum fyrir, til að mæta kröfum samningsins um losunarbókhald Kyoto samningsins og er talinn langflóknasti flokkurinn.

Skýrsla Laufeyjar er á bls. 28 í Fregnum.

## 5. Skýrslur annarra embættismanna

#### a) Ritnefnd Fregna.

Hafðís Karlsdóttir fór yfir verk ritnefndar en hún er skipuð 6 konum, sem skipta með sér verkum. Farið var yfir breytingar. Fleiri auglýsingar þarf til þess að greiða niður kostnað af veglegra blaði, með fleiri litablaðsíðum. Fregnir samanstanda af skýrslum og greinum og voru systur hvattar til að koma með efni, jafnvel skemmtiefni. Lagt er til að blöðin sem eru gefin út í mars og september verði póstlögð en desemberblaðinu verði dreift á klúbbfundum. Mikill áhugi er á að taka að sér ritstjórn Fregna og hafa klúbbar nú þegar sótt um að fá að taka að sér ritstjórnina á næsta ári.

#### b) Sjóðanefnd.

Margrét Helgadóttir fór yfir störf sjóðanefndar. Sjóðanefnd hélt tvo fundi á árinu. Í sjóðanefnd eru Kristín Jónasdóttir í Bakka- og Selja og Silja Sjöfn Eiríksdóttir í Reykjavíkurklúbbi. Tvær umsóknir bárust um styrki til systra sem áttu í erfiðleikum og var samþykkt að veita styrki í báðum tilfellum.

#### c) Skólastyrkjanefnd

Ingibjörg Benediksdóttir, var ekki mætt en bent er á skýrsluna á bls.14 í Fregnum.

**d) Vefstjóri**

Halla Björg Baldursdóttir fjallaði um vefinn. Fór yfir markmiðin bæði það sem snýr að innra starfi og notkunar-möguleikum. Einnig fór Halla yfir þróunina, en vefurinn á 10 ára afmæli 2006. Nýtt markmið er rafræn skrifstofa. Með tíð og tíma hefur safnast mikið magn upplýsinga og má þar nefna að hægt er að skoða forsetabréf og Fregnir á vefnum.

Farið var yfir heimsóknir og hafa klúbbsystur stóraukið heimsóknir á síðuna. Framtíðin er nýtt útlit og endurskipulag á efni síðunnar. Kom fram sú hugmynd að setja öll erindi fundarins á vefinn.

**e) Nafnalisti.**

Sigríður Sveinsdóttir minnti systur á að allar breytingar þurfa að berast fyrir 30. júní ár hvert en best er að senda þetta jafnóðum. Sigríður las upp úr lögum og reglugerðum landssambandsins, þær reglur sem gilda um nafnalista. Einnig kom fram hugmynd um að setja nafnalista á lokað svæði á vefnum og gefa nafnalista út annað hvert ár og þá með mynd.

**f) Hamraborg**

Margrét Helgadóttir fór yfir notkun Hamraborgar 10. Skráðar eru 119 komur frá 1. apríl 2004 - 15. apríl 2005. Á vegum landssambandsins hafa verið sex stjórnarfundir og sex aðrir fundir. Á vegum klúbba hafa verið 11 stjórnarfundir og ýmiss konar vinnufundir. Ritnefnd hefur fundað átta sinnum og hafa tveir gestir gist.

Farið var yfir gömul skjöl „flokkað og plokkað“. Miklu var hent en annað varðveitt. Myndaðist mikið geymslurými við tiltektina. Árið 2005 var fjárfest í fundarsíma, ljósritun- arvél, prentara og geymsluskáp. Auglýst var eftir konum til að þrifa.

**6. Stjórnarkjör**

- a) Ásgerður Kjartansdóttir, Reykjavík, forseti 2006-2008
- b) Edda Jóhannsdóttir, Hafnarfirði og Garðabæ, 1. varaforseti

**7. Kosning sendifulltrúa og varasendifulltrúa**

- a) Ingunn Sigurðardóttir, sendifulltrúi, Skagafirði.
- b) Lilja Guðlaugsdóttir, varasendifulltrúi, Akranesi.

**8. Kosning fastanefnda**

- a) Laganefnd - Esther Hermannsdóttir, Akranesi, og Sveinborg Kristjánsdóttir, Akranesi.
- b) Útbreiðslunefnd - Guðrún Erla Björgvinsdóttir, Bakka og Selja.
- c) Fjárhagsnefnd - Sigríður Svavarsdóttir, Skagafirði.

**9. Kosning verkefnastjóra**

- a) Heilbrigðismál - Laufey G. Baldursdóttir, Akureyri.
- b) Umhverfismál - Hiltrud Hildur Guðmundsdóttir, Akranesi.

**10. Kosning í önnur embætti**

- a) Sjóðanefnd - Jóhanna Sigmarsdóttir, Austurlandi.
- b) Endurskoðandi - Guðrún Pálsdóttir, Kópavogi.
- c) Umsjón með nafnalista - Sigríður Ágústsdóttir, Akureyri.
- d) Upplýsingafulltrúi - Kristín Einarsdóttir, Hafnarfirði og Garðabæ.



Lúðrasveit tók á móti fundargestum með sama kröftugleika og veðrið.

**11. Önnur mál**

Hafdís Karlsdóttir, Kópavogsklúbbi, kom með hugmynd um að klúbbar lesi kafla úr lögum og reglugerðum á fundum þar sem þetta er ekki alltaf á hreinu og alltaf gott að skerpa á þekkingu á lögnum.

„Project Independence - Women Survivors of War“ 4 ára verkefni Alheimssambands Soroptimista 2003-2007. Ásgerður Kjartansdóttir, Reykjavík, fjallaði um tilgang verkefnisins sem er að vekja athygli á stöðu kvenna í stríði og að styðja konur til sjálfsbjargar sem lent hafa í stríðsátökum. Sjónum er beint að konum í Afganistan, Bosníu og Rúanda. Stuðningur felst í fjárframlagi og tilfinningalegum stuðningi í gegnum bréfaskriftir. Það eru 19 íslenskar konur sem munu senda eitt bréf á mánuði í eitt ár.

Soroptimistasamband Íslands tók þátt í 16 daga alþjóðlegu átaki gegn kynbundnu ofbeldi gegn konum og höfðu Hafdís Karlsdóttir, Kópavogi, og Ásgerður Kjartansdóttir, Reykjavík, umsjón með þátttöku landssambandsins. Verkefnið var kynnt í grein í Morgunblaðinu og opið hús var í Hamraborginni þann 28.11.2004. Gestur þar var Vilborg Ísleifsdóttir-Bickel sem vann með konum í Bosníu. Átakinu lauk með áskorun til stjórnvalda um að endurskoða löggjöf um heimilisofbeldi. Allir klúbbar hafa stutt verkefnið fjárhagslega og hafa safnast 540.000 kr.

Margrét í Mosfellssveitarklúbbi kynnti friðardúkkur klúbbsins. Klúbbsystur gerðu 31 dúkku og sendu til Aberdeen í Hollandi.

Guðrún Snæbjörnsdóttir, Mosfellssveitarklúbbi, saumaði búka og dreifði þeim til systra á fundi. Sátu þær síðan saman og tróðu í dúkkurnar. Hver kona fékk síðan það hlutverk að klæða eina dúkku.

Myndir voru sýndar af öllum dúkkunum. Dúkkurnar verða til sýnis og sölu á Peace dolls vefnum.

Guðlaug Jóhannsdóttir, Keflavíkurklúbbi sagði okkur söguna um dúkkuna sem Keflavíkurklúbbur gefur til verkefnisins.

Drífa 1. varaforseti benti verkefnastjórum klúbba á að bréf sem send eru frá verkefnastjórum landssambandsins eru ekki einkabréf verkefnastjórnanna heldur þarf að koma innihaldi bréfanna áfram til klúbbsystra. Einnig þurfa verkefnastjórar að staðfesta móttöku bréfanna.



Kristín Sjöfn, Árbæjarklúbbi, þýddi grein úr LINK vegna friðardúkkanna og bað þær sem eru að búa til dúkkur að merkja þær vel með merki Soroptimista og nafni hönnuðar. Allar dúkkurnar skulu halda á friðardúfu. Dúkkurnar verða til sýnis í Vín og verða seldar hæstbjóðanda. Afhenti hún Sigríði forseta 2 farmiða frá FL-Group til Frankfurt handa tveimur fulltrúum sem hlaupa í friðarmaræðinu.

Ásgerður Kjartansdóttir kynnti ritara sem mun starfa með henni þegar hún tekur við embætti forseta 2006, en það er Sigríður Baldursdóttir, Reykjavíkurklúbbi.

## 12. Konur í kjölfar stríðs

Vilborg Ísleifsdóttir fyrirlesari flutti erindi um konur sem mótmæltu stríði á Balkanskaga. Kölluðu þær sig „Konur í svörtu“ og hittust fyrir framan ráðhús og/eda fjölfarna staði en sögðu ekki neitt heldur minntu bara á sig. Konurnar stóðu fyrir söfnun handa fólki á Balkanskaga þar sem vetur er mjög kaldur. Þær gengu í BISER og þannig gátu þær tekið á móti fjárframlögum og gefið út kvittanir. Framlagið var frádráttarbært frá skatti. Konurnar stofnuðu athvarf fyrir konur í Bosnía. Þar var meðal annars sálfræðiaðstoð handa konum sem urðu fyrir nauðgunum. Yfirskriftin var „Volkshochschule für Frauen“. Þær gátu sagst vera að fara í ensku og tekið sálfræðimeðferð í leiðinni. BISER konur hafa komið sér upp húsnaði á þremur stöðum í Bosnía, en húsakosturinn var ekki góður. Ráðuneyti í Þýskalandi, sem hefur verið helsti bakhjarl BISER, talar um að BISER verkefnið séu skilvirkasta og best rekna verkefni sem vert er að styrkja.

Konur og börn ganga kaupum og sölum í Bosnía og í Vestur Evrópu þar sem mafiur teygja anga sína inn í stjórnerfið og fátækt er mikil. Þar er allt að 50% atvinnuleysi. Margar flóttakonur eru með unglíngla á framfæri. BISER konur hafa kynnt og varað við þessum hættum. Friður er grundvöllur allra mannréttinda. Án þátttöku kvenna verður aldrei alheimsfriður.

Vilborg sýndi myndir af húsunum sem BISER konur hafa standsett og myndir af konum sem nýta sér aðstöðuna. Að erindinu loknu voru Vilborgu færðar 150.000 kr. frá íslenskum Soroptimistum, til styrktar þessu verkefni.

## 13. Landssambandsfundur 2006

Ingibjörg Kjartansdóttir verðandi formaður Keflavíkurklúbbs tilkynnti að Landssambandsfundur 2006 verði haldinn 29. apríl 2006 í Stapa, Reykjanesbæ.

Þær sem hættu í stjórn og voru leystar út með gjöfum, voru:

Drífa Skúladóttir, Snæfellsnesi  
Sigríður Ágústsdóttir, Akureyri  
Hildur Hálfdanardóttir, Kópavogi  
Laufey B. Hannesdóttir, Hóla og Fella  
Arndís Ellertsdóttir, Árbæ  
Sigríður Sveinsdóttir, Bakka og Selja

Fundi slitið kl 17:00

Anna Karlsdóttir Taylor  
Melkorka Sigurðardóttir

*Eftir fundinn kl. 18:00 var móttaka í Bókasafni Seltjarnarness í boði bæjarstjórnar Seltjarnarness þar sem bæjarstjóri, sonur Soroptimista, ávarpaði systur og bauð upp á veitingar. Vegna veðurs var þrúðbúnum systurum boðið upp á rútuferð þennan stutta spöl frá bókasafninu að Félagsheimilinu þar sem hátíðarkvöldverðurinn hófst kl. 19:00. Þar buðu Seltjarnarness systur upp á vandaða skemmtidagskrá á meðan á borðhaldi stóð. Það voru friðelskandi systur sem héldu heim undir miðnættið og hafði þá dregið úr veðurhæðinni.*

# Nýjar konur í Soroptimistaklúbbi Keflavíkur



Konur sem gengu í Soroptimistaklúbb Keflavíkur í desember 2004 og maí 2005, talið frá vinstri: Kolbrún Valdinarsdóttir, hárgreiðslumeistari, Drífa Gunnarsdóttir deildarstjóri (kennari), Inga Sif Gísladóttir, leikskólalastjóri, Anna Karlsdóttir Taylor, framhaldsskólakennari og Arna Björk Hjörleifsdóttir, sjúkraliði. Sigríði Friðjónsdóttir, tanntækni vantar á myndina en hún var áður í Suðurnesjaklúbbi.

# Ferðapunktur frá Soroptimistabínginu í Vín 2005

Þriðjudaginn 5. júlí mættu flestar Soroptimistasystur, sem ætluðu á Evrópuþingið í Vínarborg, snemma morguns í Hamraborg 10 í Kópavogi. Það var hugulsamt af fararstjóra okkar, Kristínu Sjöfn, að láta okkur hittast þar, því þar gafst tækifæri í upphafi ferðar, að heilsa hver annari og kynnast þeim sem við ekki þekktum áður.

Við fórum svo í lítilli rútu til Keflavíkur en þaðan var flogið til Vínar og millilent í Kaupmannahöfn. Það var áliðið dags þegar við komum á áfangastað og fararstjórinn hafði hugsað fyrir öllu því þar beið rúta sem flutti okkur heim á hótél. Hótél Hilton er glæsilegt hótél og þar var búið vel að okkur þessa viku sem við dvöldum þar. Það er líka vel staðsett og í göngufæri við margar merkustu byggingar og stofnanir borgarinnar.

Vín liggur á bökkum Dónár, hún er með fegurstu borgum, rómuð fyrir vísindi og listir og heimsfræg fyrir tónlist. Hér eru mörg leikhús en þekktast eru Burgtheater og Ríkisóperan. Þá eru Vínarphilharmonían og Vínarsimphonían ásamt Vínardrengjakórnum viðfræga. Í Vín störfuðu m.a. tónskáldin Hayden, Mozart, Bethoven og Schönberg. Ýmsar stofnanir Sameinuðu Þjóðanna hafa aðsetur í Vín. Þar er vinsælt að halda ráðstefnur og borgin er fjölsótt ferðamannaborg.

Vínarborg á sér merkilega sögu en borgarinnar er getið í rómverskum ritum, sem setulíðsbæjarins Vínðobona. Borgin naut góðs af Dónárversluninni. Þar blómgaðist verslun og menning og Vín varð ein af stærstu borgum Mið-Evrópu. Vín varð á 13. öld aðsetur Habsborgara og var það allt til 1918 og keisarar Heilaga rómverska keisaradæmisins sátu í Vín frá miðri 16. öld og fram yfir 1800.

Á 16. og 17. öld var borginni nokkrum sinnum ógnað af Tyrkjum en stóðst umsátur þeirra. Árin 1814-1815 voru í Vín gerðir friðarsamningar eftir Napóleonsstríðin. Þar réðu mestu stórveldin Bretland, Rússland, Austurríki og Prússland, þau lögðu áherslu á valdajafnvægi en sjálfsvörðunarréttur smáþjóða og þjóðarbrotta var fyrir borð borinn.

Bæði á 18. og 19. öld hélt borgin stöðu sinni sem leiðandi menningarborg. Í seinni heimstyrjöldinni var borgin illa leikin og var undir stjórn Bandamanna frá 1945 til 1955.

Á fyrsta degi okkar í Vín var farið í skoðunarferð í miðborgina. Þar gnæfir Stefánsdómkirkjan yfir borginni, tilkomumikil í gotneskum stíl. Hún brann 1945 en endurreisn hennar lauk 1952. Á torginu fyrir framan kirkjuna og inni í henni er alltaf mannföldi enda er þar margt að sjá og skoða. Sumir setjast og eiga hljóða stund í þessum mikla helgidómi. Þá er hægt að fara upp í turninn með lyftu og sér



Á leið í hátíðarkvöldverðinn.

þar yfir borgina. Við héldum nú áfram eftir aðalgöngugötunni Kärnterstrasse og að Óperunni. Óperan er lokuð yfir sumarmánuðina en hægt er að skoða húsakynninn undir leiðsögn sérfróðra. Við fórum með frábærum leiðsögumanni sem talaði góða ensku og gætti þess að allir heyrðu. Stór hluti byggingarinnar eyðilagðist í heimstyrjöldinni síðari en hún hefur verið endurreist að mestu eins og hún var. Þarna er gull og glæsileiki í fyrirrúmi bæði utandyra og innan, listaverk og höggmyndir í tugatali. Kristalkrónur glitra og maður hugsar ósjálfrátt hvílík auðæfi liggja þarna að baki. Þegar út var komið var sest niður í einu af útikaffihúsum borgarinnar, slakað á og horft á mannfjöldann líða hjá. Kaffihúsamening er þarna mikil og við þurftum auðvitað að smakka hina frægu Sacher tertu áður en við fórum heim.

Næsta dag fórum við í skoðunarferð með sporvagni sem stoppaði stutt frá hótelinu. Hann gekk eftir Ringstrasse sem er skeifulaga gata og umlykur elsta borgarhluta Vínar eða Innere stadt. Þarna sáum við margar merkar byggingar og lystigarða. Við sáum Keisarahöllina Hofburg, Þinghúsið, Ráðhúsið, Háskólann ofl.

Þegar þinginu var lokið fórum við aftur í skoðunarferð í tveggja hæða bíl og sáum þá betur yfir. Ég hafði komið áður til Vínar og þá skoðaði ég Schönbrunn höllina bæði utan og innan svo ég sleppti henni í þetta skipti. Það er sagt að í höllinni séu um

1500 herbergi, íburður er ótrúlegur og það þarf góðan tíma þar. Schönbrunn var reist á fyrri hluta 18. aldar á dögum Mariu Theresu keisaraynju. Hún var ástsæll þjóðhöfðingi sem ríkti í 40 ár og átti 16 börn. Mannkostir hennar og hæfileikar gerðu hana að einum merkasta þjóðhöfðingja 18. aldar.

Innritun á Evrópuþingið hófst á fimmtudag. Við mættum snemma og brátt var komin löng biðröð. Auðvitað mátti búast við því þar sem 1300 systur ætluðu að sækja þingið. Þarna á fimmtudagskvöldi var á dagskránni „Heurigen“ sem er nýtt vín eða þessa árs vín. Okkur var ekið í mörgum rútum út í sveit þar sem vínbændur tóku á móti okkur. Þarna var nóg að borða og drekka en sumar þurftu, vegna fjöldans sem þarna var, að bíða eftir að komast að veitingunum. Þetta



Ingunn og Þórunn.

var samt eftirminnileg samkoma þar sem glaðværð og gleði ríkti.

Föstudaginn var svo Evrópuþingið sett í hinni glæsilegu keisarahöll Habsborgara „Hofburg“. Salurinn, sem þingið fór fram í, er mjög fallegur með gömlum gylltum skreytingum í loftinu og nútíma listskreytingum í rauðum litum á veggjum. Það var klíður í salnum þar sem konur voru að koma sér fyrir, en allt datt í dúnalogn þegar setningarathöfnin hófst. Hún byrjaði með tónlistarflutningi og fánakynningu.

Heiðursgestur þingsins, dr. Heinz Fischer forseti Austurríkis, bauð systurnar velkomnar og flutti ýtarlega ræðu þar sem hann fjallaði um land, þjóð og sögu Austurríkis. Hann minnti okkur á að Austurríki var hersetið þar til 1955 þegar það fékk fullt frelsi. Þá fluttu einnig ávörp heilbrigðismálaráðherra og dómsmálaráðherra Austurríkis, sem báðar eru konur. Þetta sýnir hve mikils stjórnvöld meta störf Evrópusambands Soroptimista. Þessar konur voru einnig heiðursgestir þingsins. Heidrun Konrad forseti SI/E flutti nú erindi sitt „Women Building Peace“ en það var yfirskrift þingsins. Þá fluttu ávörp forseti Alheimssambands Soroptimista, Joan Cromer, og forseti Austurríska landssambandsins, Elisabeth Brandl. Að lokum talaði Dr. Benita Ferrero Waldner erindreki Evrópusambandsins. Allar þessar ræður voru efnismiklar og vel fluttar. Um kvöldið var „Friendship Evening“ en þá tóku klúbbar í Vín og nágrenni á móti systur. Við stöllum tvær frá Akureyri vorum svo heppnar, ásamt öðrum systur, að fara til klúbbsins í Viner Neustadt, en það er litill bær suður af Vín. Þar var tekið höfðinglega á móti okkur. Fyrst gengum við í klausturkirkju og fengum þar léttar veitingar og fróðleik um staðinn. Síðan fórum við í herskóla sem er sá eini í Austurríki. Þar var rifjuð upp saga skólans en hana er hægt að rekja til Mariu Theresiu keisaraynju.

Þar var framreiddur málsverður í húsakynnum skólans og sáu nemendur um matreiðslu. Þarna var létt og skemmtilegt andrúmsloft og gestgjafar höfðu útbúið smágjöf handa okkur, en það var litil soroptimistakaka og fylgdi henni uppskrift.

Á laugardaginn voru hefðbundin þingstörf og „Gala-dinner“ um kvöldið. Það voru glaðar systur sem mættu í fordrykk í svítuna sem Kristín Einarsdóttir og Mjöll Flosadóttir höfðu til umráða. Þar var glösum lyft og myndavélar á lofti til að fanga augnablikið þegar andinn hóf sig yfir efnið og systrapel blómstraði.

Hátíðarkvöldverðurinn var haldinn í Ráðhúsi Vínarborgar. Þetta var glæsileg hátíð. Systurnar allar þrúðbúnar og húsakynnin engu lík hvað íburð og fegurð snertir. Forsetinn Heidrun Konrad setti hátíðina og þar var til skemmtunar tónlistarflutningur og einsöngur. Þá voru boðnar upp hinar svokölluðu „peace dolls“ sem borist höfðu frá hinum ýmsu klúbbum Evrópusambandsins.

Á sunnudag var komið að þingslitum. Þar var kynnt svonefnd „Peace book“ friðarbók en í henni er sagt frá framlagi landssambanda og klúbba til verkefnisins „Women building peace“. Bókin er mjög vönduð og vel gerð. Forseti Austurríkis, dr. Heinz Fischer, og forseti SI/E, Heidrun Konrad, skrifa inngang bókarinnar.

Þá voru friðarverðlaun Soroptimista afhent. Þau hlaut ung kona sem verið hafði fréttaritari í Bosníustríðinu og víðar. Í gegnum starf sitt fannst henni að hún gerði meira gagn með því að skipta um starfsvettvang. Hún hætti því fréttarflutningi og fór að vinna að mannúðarmálum. Síðan afhenti núverandi forseti forsetakeðjuna til Monique Riviere næsta forseta SI/E. Þær voru báðar hylltar, önnur fyrir unnin störf og hin fyrir verðandi störf.

Að lokum sungu allar systur friðar-sönginn „Dona nobis Pacem“ sem þýðir „gef oss frið“ og þannig lauk þinginu. Þegar út var komið var stutt athöfn í hallargarðinum. Börn sem höfðu tekið þátt í friðarhlaupi slepptu friðarblöðrum, sem svifu til himins meðan þátttakendur dreifðust í allar áttir.

Um kvöldið fórum við á veitingastað sem er þekktur fyrir að framreiða vínarschnitzel. Okkur fannst ekki hægt annað en að smakka þennan fræga rétt, sem er þunnar stórar sneidar úr kálfkjöti. Þarna var rifandi stemning þó staðurinn væri frekar lítill. Þarna höfðu bæst í hópinn tvær austurrískar systur frá Hermagor, en önnur þeirra hafði verið á Akureyri við nám í MA í hálfm. ár. Heidrun Konrad hafði beðið fyrir hana og hún dvaldi á heimilum okkar þriggja systra á Akureyri, en Soroptimistaklúbburinn styrkti hana fjárhagslega. Hún er afburðarnemandi, hefur lokið menntaskóla og fer samhliða tónlistarnámi í haust í framhaldsnám í jarðfræði, aðeins 18 ára. Systir hennar er lögfræðingur og starfar nú í Vín, hjá Evrópusambandinu.

Síðasta kvöldið okkar í Vín fórum við á Vínar-Mozart tónleika. Þeir voru haldnir í Gyllta salnum þar sem nýjars tónleikarnir, sem sýndir eru í sjónvarpinu okkar, eru haldnir. Það var ævintýri að sitja þarna í þessum fagra tónleikasal og hlusta á yndislega tónlist hins mikla snillings Mozarts.

Heimferðin gekk eins og í sögu og nú eigum við í sjóði minningar um ógleymanlega daga og betri og meiri skilning á því hvað Soroptimista-samtökin standa fyrir. Þökk sé landsambandinu fyrir styrk sem systur fengu til fararinnar og bestu kveðjur til íslenskra Soroptimistasystra.

Þórunn Sigurbjörnsdóttir,  
Akureyri.



Fimm forsetar SI/Í.



# Sendifulltrúafundur í Vínarborg 6.-7. júlí 2005

Sendifulltrúafundurinn var haldinn í Austurríki, þaðan sem Evrópuforsætinn, Heidrun Konrad, kemur. Var fundurinn haldinn dagana tvo á undan Evrópuþinginu, 6.-7. júlí á Hilton Stadtpark í Vínarborg. Fyrir Íslands hönd sátu fundinn sendifulltrúarnir Sigríður Ágústsdóttir, Akureyri og Kristín Sjöfn Helgadóttir, Árbæ, varasendifulltrúinn Ingunn Sigurðardóttir, Skagafirði og forseti landssambandsins, Sigríður Þórarinsdóttir, Snæfellsnesi. Auk þess sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi Hafðís Karlsdóttir fyrrum forseti.

Fyrst var gerð grein fyrir skýrslum helstu stjórnarkvemma og skal fyrsta telja Heidrun Konrad Evrópuforseta sem var að vonum ánægð með þátttöku varðandi friðarverkefni. Alls hafa borist um 1700 friðarsamningar og von á enn fleiri undirskriftum. Friðarmararþonið í Rúanda var sérlega vel heppnað og verður annað að ári og friðardúkkur voru útbúnar um alla Evrópu.

Hanne Jensbo fyrrum Evrópuforseti sagði frá tungumálanámskeiðum sem haldin voru víða með styrkjum úr sjóði sem hún setti á stofn með afgangspeningum frá forsetatíð hennar 2001-2003 (tekið skal fram að ástæðan fyrir afgangspeningum er sú að Hanne Jensbo sem er lögfræðingur með eigin stofu lét stofu sína leggja heilmikið til vegna ferðalaga og annars í forsetatíð hennar) og hvetur Hanne klúbba til að halda slík námskeið fyrir eigin meðlimi.

Monique Rivière, Evrópuforseti 2005-2007, greindi frá því að hún ætlaði að halda áfram með friðarverkefni í anda Heidrunar Konrad þar sem af nægu væri að taka en hún vill leggja áherslu á unga fólk. Hún hvetur jafnframt landssambönd til að setja á stofn „Youth croisières“ eða ungmennaferðir, þar sem ungu fólk er boðið að heimsækja land og kynnast því með hjálp Soroptimista. Í Austurríki hafa þessar ferðir verið í boði lengi og þurfa viðkomandi eingöngu að borga fargjald þangað svo og vasaþeninga. Allt annað hefur verið í umsjón og boði klúbba-anna þar í landi.

Marie-Irene Paléoloque starfsmaður SEP skrifstofunnar í Sviss greindi frá því að nú væri hægt að lesa LINK á vefnum ef konur gerast áskrifendur og nýr hugbúnaður í burðarlíðnum. Fljótlega verður „directory“ sett á vefinn (ákveðið var að senda aðeins þrjú eintök til klúbba framvegis í stað fimm til tíu).

Nefnd var sett á stofn eftir síðasta sendifulltrúafund í Ljubljana varðandi ýmis atriði á rekstri Evrópusambandsins. Spurningar risu um hvort flytja ætti höfuðstöðvarnar (SEP) frá Sviss til lands sem væri meira miðsvæðis og jafnframt ódýrara. Varðandi gjöldin til Evrópusambandsins var einróma samþykkt að hafa þau eins fyrir alla Soroptimista. Þessi spurning vaknaði áður vegna Afríkusoroptimista og þeirra sem koma frá fyrrum austantjaldslöndum. Spurt hvort ætti að láta greiða sektir ef skýrslum er ekki skilað á réttum tíma. Ekki samþykkt. Spurt var einnig hvort breyta ætti tilhögun við stofnun landssambanda en samþykkt var

að hafa þær reglur óbreyttar og því þarf ennþá lágmark fjóra klúbba til að stofna landssamband.

Í heildina voru sumsé engar breytingar samþykktar í þessari umræddu nefnd en samþykkt var að halda áfram endurskoðun þessara mála og jafnframt samþykkt að það yrði verkefni verðandi forseta, Mariet Verhoef-Cohen, að framkvæma breytingar varðandi flutning höfuðstöðvanna.

Kjósa þurfti um nokkur embætti og var sá háttur hafður á, að kosningarnar voru meira og minna út allan fundinn, þegar færi gafst á milli umræðuefna. Var þetta frekar ruglingslegt og jafnframt eyðilagði þetta nokkrum sinnum umræður sem voru komnar á gott skrið.



Sendifulltrúar að störfum.

Forsetakjör fyrir 2007-2009, þar var aðeins einn frambjóðandi, Mariet Verhoef-Cohen frá Hollandi og var hún því sjálfkjörin.

Kjósa þurfti tvo varaforseta 2005-2007 og hlutu þær Eliane Lagasse frá Belgíu og Kirsten Sveder, dönsk kona búsett í Svíþjóð, flest atkvæði.

Í útbreiðslunefnd var kosin vinkona okkar Lisbeth Hass frá Esbjerg í Danmörku en hún kom hingað ásamt manni sínum Paul í tilefni 30 ára afmælis okkar í fyrra. Lisbeth hefur séð um málefni A-Evrópuklubbanna og stutt við bakið á þeim og var því ánægjulegt að hún næði kjöri ásamt Rosa-Maria Walter frá Portúgal og Heide Ibach frá Þýskalandi sem var endurkjörin.

Í skólalstyrkjanevnd þurfti líka að kjósa milli frambjóðenda en kosningu hlutu Birgit Oest Larsen frá Svíþjóð, Drenka Drezga Simetovic frá San Marino og Edith Müller-Merz frá Sviss.

Verkefnisstjóra mannréttinda og stöðu konunnar þurfti að kjósa milli Miranda Bambace Laganá, Ítalíu og Merete Jendal, Noregi en sú fyrrnefnda hlaut kosningu.

Í öll önnur embætti var sjálfkjörið þar sem eingöngu var einn frambjóðandi en það voru: Rítari, Christine Dagain, Frakklandi Gjalderkeri, Huberta Colbus-Gross, Þýskalandi (var reyndar kosin samkvæmt reglum á sendifulltrúafundinum í Ljubljana 2004, fyrir 2005-2007).

Í laga- og reglugerðarnefnd voru kosnir þrír fulltrúar, Popi Athanassiou, Grikklandi, Marlies Hampel endurkjörin, Þýskalandi og Alessandra Xerri Salamone endurkjörin, Ítalíu.

Fjárhagsnefnd, Greta Hvaring, Noregi

Verkefnastjórar;

Efnahags- og félagsleg þróun, Marie-Noëlle Journou, Frakklandi.

Mennta- og menningarmál, Jadwiga Teresa Stepién, Póllandi.

Umhverfismál, Marina van Koten, endurkjörin, Hollandi.

Heilbrigðismál, Vassiliki Malamou-Mitsi, endurkjörin, Grikklandi.

Alþjóðleg vinátta og skilningur, Irena Coufalova, Tékklandi, endurkjörin.

Breytingartillögur frá landssamböndum voru næst á dagskránni og fyrst rætt um endurhönnun Finna á umsóknar-eyðublöðum fyrir skólstyrki. Þarna hafa Finnar lagt í mikla vinnu og þeim var sannarlega vel þakkað. Svíar komu með tillögu þess efnis að flytja höfuðstöðvarnar SEP til einhvers austantjaldslandsins sem nýlega hefur sameinast Evrópusambandinu þ.e. Prag, Budapest, Varsjá eða Ljubljana.

Danska sambandið var með tillögu þess efnis að setja upp nefnd sem rannsakaði vel hvar höfuðstöðvar SEP yrðu í framtíðinni. Eins og fyrr sagði verður flutningur SEP verkefni Mariet Verhoef-Cohen.



Þetta var góð niðurstaða.

Svíar komu jafnframt með tillögu um að sameina alla Afríkuklúbba í eitt Afríkusamband en eins og vitað er, er hluti Afríku tilheyrandi Evrópusambandinu og annar hluti tilheyrir Breska sambandinu. Þetta málefni hefur verið til umræðu frá 1994 og Roswitha Ott sem verið hefur verkefnisstjóri fyrir Afríku undangengin fjögur ár (mamma Afríka) sagðist svo sannarlega hafa ætlað að beita sér fyrir stofnun Afríkusambands strax í byrjun sinnar embættistíðar en nú fjórum árum síðar hefur hún skipt um skoðun. Hún segir að stofna verði fleiri klúbba þó að vissulega séu þeir næstum 100 og um 200 Soroptimistar alls. Ekki verður stofnað Afríkusamband fyrr en Afríkukonur sjálfar eru tilbúnar og beiðnin verður að koma frá þeim og þá verður við Evrópukonur sannarlegar tilbúnar að styðja vel við bakið á þeim.

Frakkland og Belgía komu með tillögur að breytingum á Samstöðusjóði og urðu um þær miklar umræður.

Samþykkt að endurskoða lögina en meginatriði breytingartillögunnar samþykkt og laganefnd falið að gera nýjan texta um lögina sem á að vera tilbúinn á næsta sendifulltrúafundi að ári.

Holland kom með tillögu þess efnis að ræða hversu erfitt geti verið að fá konur til að taka að sér embætti, þó sérlega formenn. Spurning hvort við ættum að breyta reglunum í þá veru að eingöngu sæti kona eitt ár í embætti. Samþykkt að ræða málið síðar.

Þýska sambandið vill skýrari línur varðandi Programme Focus Reports og svaraði Evelyne Wunder að endurbæta þurfi eyðublöðin. Skýrslur um 100 evru styrki til Rauða krossins séu að berast og einhver takmörk þurfi að vera.

Fjármálin næst á dagskrá og skýrsla fjárhagsstjóra Inger Jensrud frá Noregi samþykkt. Monique Rivière, næsti Evrópuforseti skýrði sína fjárhagsáætlun og taldi mikils virði að gjöld hækkuðu ekki en hún vill aðhald í rekstrinum og sagði frá því að í hennar embættistíð yrði sendifulltrúafundurinn á sama stað bæði árin í heimabæ hennar, Toulouse í S-Frakklandi. Fundirnir verða á hóteli utan við miðbæinn 1.-3. júlí 2006 og 12.-13. maí 2007.

#### ACTION FUND - VIÐLAGASJÓÐUR

Alls bárust tólf umsóknir en styrki hlutu að þessu sinni:

Accra í Ghana, 7.000 Evrur

Novgorod, Rússlandi, 4.345 Evrur

Suður París, Frakklandi, 8.000 Evrur

Landssamband Georgíu, 6.000 Evrur

Lumière Bamako, 3.195 Evrur

Lome I í Togo, 4.390 Evrur

Gisenyi, Rúanda, 4.000 Evrur

Kosice, Slóvakíu, 3.000 Evrur

Nánari upplýsingar um styrkina má lesa á vefnum okkar.

ÚTBREIÐSLUNEFND, formaðurinn Kirsten Sveder var að vonum ánægð með hversu margir nýir klúbbar hafa verið stofnaðir og nefndi hún sérstaklega Þýskaland og Austurríki.

EVROPU FYLGT EFTIR, en því verkefni stjórnar Lisbeth Hass frá Esbjerg í Danmörku og sagði hún að því miður vantaði enn upp á að skýrslur bærust. Taldi Lisbeth mikilvægt fyrir klúbba í austur Evrópu að hafa samband við eldri klúbba, sérlega í vestur Evrópu.

AFRÍKA, þar stjórnar verkefninu Roswitha Ott frá Sviss. Hún greindi frá því að hún hefði getað heimsótt öll löndin nema Filabeinsströndina en þar ríkir nú ófremdarástand og of áhættusamt að fara þangað. Einnig er slæmt ástand í Senegal. Afríka væri sko ekki friðsælt meginland. En jákvæðu hliðarnar eru margar og mælti hún með því að við heimsæktum Madagascar, dásamlegt ferðamannaland. Roswitha lagði áherslu á að við Evrópusoroptimistar gætum hjálpað mörgum kynsystra okkar í Afríku.

SKÓLASTYRKIR. Að þessu sinni bárust 23 umsóknir og var hægt að veita 15 umsækjendum styrki, samtals 75.000 Evrur. Frá fyrra ári hafa 13 af 16 styrkþegum skilað skýrslum. Sú nýbreytni hefur verið tekin upp að sá klúbbur sem sækir um styrk er nú ábyrgur fyrir hönd styrkþega síns.

1. Klúbburinn (formaður eða stjórn) tilkynnir styrkþega um styrk.



Fyrir Íslands hönd.

2. Klúbburinn komi upplýsingum um bankanúmer klúbbsins til SEP skrifstofunnar.
3. Styrkupp hæðin skal leggjast á bankareikning klúbbsins sem síðan millifærir til styrkþega.
4. Klúbburinn er ábyrgur fyrir því að skýrsla berist frá styrkþega.

Ein umsókn barst frá Íslandi frá Ásdísi Guðmundsdóttur í Skagafjarðarklúbbi en hún er í mastersnámi á Bifröst og fær hún styrk að upphæð 4.500 evrur. Óskum við Ásdísi hjartanlega til hamingju með styrkinn og velgengni í námi og starfi.

**VEFSÍÐAN**, heimsóknnum fjölgar ört og eru nú um 200 á degi hverjum. Marta Mrak umsjónarmaður síðunnar, ung kona frá Króatíu sagði hversu örvandí væri að fá póst frá systurum og hvatti okkur til að láta hana vita af öllu sem hugsanlega gæti átt heima á síðunni [www.soroptimisteurope.org](http://www.soroptimisteurope.org)

#### DR. NOËL SJÓÐURINN

Engar úthlutanir úr sjóðnum í ár.

**LINK** er málagn Evrópusambandsins sem gefið er út í einu hefti ársfjórðungslega á ensku og frönsku. Stór hluti blaðsins fer nú bráðlega á vefinn okkar. Marie-Jeanne Bosia, ritstjóri, hvetur systur til að lesa úr Link á klúbbfundum og sagði enn fremur að allir klúbbar ættu að fá eintak af Link.

**EVRÓPURÁÐIÐ**, Kathy Kaaf lýkur nú starfi sínu þar eftir átta ár. Enn fremur voru fluttar skýrslur OSCE og European Women's Lobby en næsti fundur þar verður í haust.

„**WOMEN SURVIVORS OF WAR**“ Joan Cromer alheimsforseti sem setið hafði fundinn talaði um þetta alþjóðlega verkefni þar sem ætlunin er að reyna að hjálpa að minnsta kosti 1200 konum í Afganistan, Bosnía og Rúanda að öðlast venjulegt líf að nýju eftir stríðsátökin þar. Þessi látlausa bandaríska bóndakona var svo heillandi og talaði af svo mikilli skynsemi að unun var á að hlusta. Sagði hún okkur m.a. frá því að vangaveltur væru þess efnis í Bandaríkjun-

um að breyta merki Soroptimista og færa það til nútímans, jafnvel breyta konunni á merkinu, yngja hana upp og jafnvel breyta nafninu Soroptimisti??? Hvað segið þið um þetta systur góðar?. Vonar hún að sem flestar, sem hafa skoðanir á þessu máli, skrifi sér.

„**PROJECT FIVE-O**“ Samtökin verða 25 ára í haust og verður þessara tímamóta minnst í Kaupmannahöfn 3. september. Helstu verkefni um þessar mundir eru í Eistlandi þar sem konum er kennt og reynt að koma í veg fyrir vændi samfara eiturfjaneyslu en þar vantar peninga til viðbótar.

**VERKEFNISSTJÓRAR**. Allar skýrslur voru samþykktar og nú var sú nýbreytni tekin upp að hafa pallborðsumræður í fundarlok báða dagana. Sátu verkefnisstjórar sambandsins allir við pallborðið og orðið var gefið laust. Spunnust ágætis umræður fyrri daginn þar sem rætt var vítt og breitt um framtíð Soroptimista. Þurfum við að hafa fundina styttri, verkefni færri og auka samskipti á vefnum, sleppa því að borða saman og hvað með ungt fólk?

**ÖNNUR MÁL**, Kari Bonsaksen sendifulltrúi Noregs, sagði frá verkefni í Moldavíu til að koma í veg fyrir mansal og eiturfjadreifingu. Hefur þeim tekist að afla 262.500 Evrur í gegnum Focus sem eru regnhlífarsamtök kvenna í Noregi og 25.000 Evrur frá stjórnvöldum. Hafdís Karlsdóttir, fyrrum landssambandsforseti, sagði frá verkefni okkar þar sem við styrktum gerð myndar um mænuskaddaða, „You will never walk again“.

**MONIQUE RIVIÈRE**, Evrópuforseti 2005-2007. Eins og fyrr sagði kemur Monique til með að halda áfram með friðarverkefni. Friðarmararþon verður í Rúanda 14 maí 2006, friðarverðlaun ein eða fleiri verða veitt í Glasgow 2007. Lykilorð Monique Rivière verður VIRÐING sem við getum notað í tengslum við öll okkar verkefni.

*Sigríður Ágústsdóttir og  
Kristín Sjöfn Helgadóttir, sendifulltrúar,  
Ingunn Sigurðardóttir, varasendifulltrúi.*



# Friðarhlaup í Rúanda

Rannveig Oddsdóttir segir frá.

Þann 15. maí 2005, var alþjóðlegt friðarmararþon Soroptimista haldið í fyrsta sinn í Afríkurlíknu Rúanda. Íslenskar Soroptimistasystur ákváðu að styrkja íslenskar hlaupakonur til fararinnar. Undirrituð og Bryndís Ernstsóttir duttu í lukkupottinn og fóru utan í boði Soroptimista ásamt friðum hópi manna og kvenna sem flestir tengdust Soroptimistum á einn eða annan hátt eða slógust í hópinn til að taka þátt í ævintýraferð til Afríku. Þeirra á meðal var Helga Björg Ólafsdóttir sem var þriðja konan í hópnum, sem hljóp heilt mararþon.



## Út í óvissuna

Það var ekki laust við að það færi hrollur um vini og vandamenn þegar ég tilkynnti í ársbyrjun að ég ætlaði að skreppa til Rúanda og hlaupa þar mararþon. Landið hefur jú varla ratað í íslenskar fréttir fyrir annað en stríðsátök og þótt þar hafi ríkt friður undanfarin ár, sjá menn enn fyrir sér blóðug átök þegar landið er nefnt á nafn. Mér sjálfri þótti hugmyndin hins vegar ævintýraleg og spennandi og var þess fullviss allt frá upphafi, að ég kæmist heil heim. Ég blés því á allar svartýsnisspar minna nánustu, þáði höfðinglegt boð Soroptimista og skellti mér með til Rúanda.



Hlaupið ræst.



## Annar menningarheimur

Hlaupið og ferðin öll stóðu svo sannarlega undir væntingum. Rúanda er fátækt Afríkurlíki sem enn er að byggjast upp, eftir þjóðarmorðin hræðilegu fyrir 11 árum síðan. Það er „vanþróað“ sé miðað við vestræn lífsgildi og menningu og þangað er lítill sem enginn ferðamannastraumur. Fyrir vikið má segja að það sé afrískara en þau lönd sem lengra eru komin í þróuninni og „ómengað“ af ferðamönnum. Í Rúanda komast ferðamenn því ekki hjá því að sjá og kynnast menningu og lífsstíl innfæddra. Slíkt návígi við innfædda getur verið allt í senn heillandi, átakanlegt og fræðandi. Ég kom heim með nýja sýn á heiminn, menningu, sögu og lífsgæði.



Rannveig, Bryndís og Helga Björg.



Tilbúnaðar í skemmtiskokkið; Margrét Helgadóttir, Sigríður Þórarinsdóttir, Anna Þóra og Sigga Víðis.

## Maraðon við miðbaug

Maraðondagurinn rann upp bjartur og fagur. Við fórum eldsnemma á fætur til að borða morgunmat áður en við fórum á leikvanginn þar sem hlaupið hófst. Það var múgur og margmenni á leikvanginum og greinilegt að hér var stórviðburður að hefjast. Startíð drógst um hálf tíma sem undir venjulegum kringumstæðum hefði sett allt hlaupið úr skorðum. En eftir að hafa dvalist nokkra daga í landinu vorum við betur undir slíka töf búnaðar. Í stað þess að ergja okkur yfir óstundvísinni nýttum við tímann til að spjalla við aðra hlaupara og virða fyrir okkur mannlífið. Útbúnaður hlaupara var allur annar en við eigum að venjast á vesturlöndum, lítið um merkjavöru og allt greinilega vel nýtt. Fæstir heimamenn voru í skófátnaði sem ég hefði kosið að hlaupa á út í búð, hvað þá heilt maraðon og margir hlupu berfættir.



Íslenski hópurinn.

Eftir hálf tíma töf vorum við kölluð að ráslinunni og hlaupið fór af stað. Spennan, eftirvæntingin og kvíðinn fyrir kílómetrunum 42, sem framundan voru, var svipuð og vanalega en umhverfið allt annað. Þúsundir svertingja fylgdust með og hrópuðu hvatningarorð í bland við taktfastan trommuslátt þegar við hlupum út af vellinum. Sólin sendi sjóðheita geisla sína niður á kollinn á okkur og stakk þeirri hugsun að mér að sennilega væri þetta full heitur dagur fyrir íslenska hlaupara. Auk þess var brautin hæðótt og því ekki heppileg til stórra afreka. Ég ákvað því strax á fyrstu metrunum að hlaupa eftir tilfinningu frekar en fyrirframákveðnu tímaplani, enda ferðin farin til að taka þátt í öðruvísi maraðoni í framtíðinni, en ekki til að setja persónulegt met í maraðoni.

## Að breyta heiminum

Á undirbúningstímanum hafði sú hugsun stundum skotið upp í kollinum á mér að friðarmaraðon væri eitthvað sem fyrst og fremst liti vel út á pappírnum. Góð leið fyrir velmegandi Vesturlandabúa að sýna svolitinn samhug með stríðshrjádum löndum í fjarlægum heimsálfum, en hefði lítið vægi til að koma á friði í heiminum. Þegar hér var komið sögu og ég hljóp um götur Kigali fékk ég allt aðra tilfinningu fyrir uppátækinu. Á ferðum mínum um Rúanda fram að þessu hafði ég fundið mjög sterkt fyrir því að ég átti ekki heima þar. Ég var öðruvísi á litinn, kom frá fjarlægum landi í öðrum menningarheimi. Hvar sem ég kom truflaði ég mannlífið með nærveru minni og ég gat engan veginn fallið inn í hópinn á staðnum. Meðan á hlaupinu stóð leið mér vel meðal heimamanna og það var nánast í eina skiptið í ferðinni sem mér fannst ég falla inn í hópinn. Þar voru allir að gera það sama, hvort sem þeir voru hvítir eða svartir, ríkir eða fátækir, ungir eða gamlir. Meðfram brautinni stóðu borgarþegar og kölluðu hvatningarorð til hlaupara jafnt sem heimamanna og gesta. Hugmyndin um hlaup sem sameiningartákn sannaði gildi sitt fyrir mér.



Bryndís og pilturinn sem hljóp berfættur með henni allt hlaupið.

## Vel heppnað hlaup

Stemningin skilaði mér á leiðarenda á ásættanlegum tíma miðað við undirbúning og aðstæður. Við marklínuna biðu Íslendingarnir, veifuðu íslenska fánanum og fögnuðu sínu fólki sem sannkölluðum þjóðhetjum. Ekki minnkaði stolt Íslendinganna þegar í ljós kom að íslensku maraðonhlaupararnir voru allir á meðal 10 fyrstu kvenna í hlaupinu. Það kom okkur hlaupakonunum þremur mjög á óvart enda höfðum við gert ráð fyrir því fyrirfram að hlaupið yrði í litaflokkum. Fyrst kæmu svörtu hlaupararnir léttir á fæti og síðan bláhvítu stírdusarnir á eftir þeim. Afburðahlauparar Afríku höfðu greinilega látið þetta hlaup fram hjá sér fara. Í staðinn böðuðu íslenskar hlaupakonur sig í sviðsljósinu og heyrst hefur, að sú saga gangi um Rúanda að íslenskar konur séu kvenna sprettharðastar og úthaldsbestar.



Bryndís og Rannveig unnu ekki bara til verðlauna í Rúanda, þær komu einnig fyrstar kvenna í mark í Reykjavíkurmaraðoninu þann 20. ágúst sl.

# Ísland örur skorið

Á fundi Soroptimistaklúbbs Kópavogs mánudaginn 11. apríl 2005, flutti Hilmar Malmquist, liffræðingur, erindi um verkefnið „Ísland örur skorið“ og sýndi bækling er innihélt kort yfir áform um vatnsaflsvirkjanir, þar sem segir frá orkufyrirheitum stjórnvalda og hvaða áhrif þau munu hafa á jökulár landsins. Verkefnastjóri umhverfismála sá um að fá Hilmar á fundinn.

Í bæklingnum segir m.a. eftirfarandi: „Í árslok 2003 gaf iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið út Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, 1. áfanga, en markmið hennar var að meta og flokka 43 virkjunarkosti í vatnsafl og jarðvarma með tilliti til orkugetu, hagkvæmni og umhverfisáhrifa. Á síðasta áratug hefur verið lögð áhersla á að byggja upp stóriðju. Stórar vatnsaflsvirkjanir eru einfaldasta leiðin til raforkuframleiðslu fyrir orkufreka stóriðju. Þær eru hins vegar afar dýrkeyptar fyrir náttúru landsins og valda hvað mestum umhverfisspjöllum. Skynsamlegasti kosturinn er að leggja stóriðjuáformin til hliðar og huga jafnframt að öðrum leiðum til orkuöflunar, t.d. djúpborunarvirkjunum. Þannig stöndum við vörð um náttúru landsins og nýtum best verðmæti þess til frambúðar.“


Hilmar benti á að til að uppfylla orkufyrirheit stjórnvalda þarf 11.550 GWst/ár fyrir Century Aluminium/Norðurál, Alcan í Straumsvík og Álver á Norðurlandi. Orkugeta í vatnsafl efi virkjaðar væru helstu jökulár landsins er metin upp á 10.500 GWst/ár samkvæmt 1. áfanga Rammaáætlunar, sem dugar ekki fyrir orkuþörfinni. Ákveðið hefur verið að virkja ekki Jökulsá á Fjöllum, en það lækkar orkugetu

um 4.000 GWst/ár, eða í samtals 6.500 GWst/ár. Að viðbættum Kárahnjúkavirkjun og öðrum heimiluðum virkjunum má gera ráð fyrir samtals orkugetu upp á 12.600 GWst/ár. Þá verður landið mjög svo örur skorið. Hilmar og samstarfsmenn hans leggja áherslu á að það væri betra fyrir náttúru Íslands að nota frekar orku úr hefðbundnum jarðvarmavirkjunum, sem eru metnar á 17.990 GWst/ár eða djúpborunarvirkjunum sem eru metnar á 50.400 GWst/ár með tiltölulega litil umhverfisáhrif of-anjarðar. Hann er líka þeirrar skoðunar, að Ísland hafi úr mörgum hagvaxtarmöguleikum að velja til að skapa ný störf á næstu árum án þess að stóriðja komi til.

Í bæklingnum er kort af Íslandi og jökulárnar eru þar merktar skýrt í svörtu til að sýna áhrif stórvirkjunar. Fyrir ofan eru skilaboðin: „Við getum afstýrt þessu slysi!“ - Að lokum segir í bæklingnum: „Hvort viljum við samfélag þar sem áherslan liggur á frumvinnslu hráefnis líkt og í orkufrekri stóriðju eða nútímasamfélag með áherslu á þekkingariðnað sem byggir á menntun, tækni, og hugviti?“ Þessu er erfitt að svara, líklega þurfum við eitthvað af báðu, en allt er þó gott í hófi.

Útgefendur „Ísland örur skorið“ eru tíu samtök: Náttúruverndarsamtök Íslands, Fuglavernd, Náttúruvaktin, SUNN, NAUST, og fleiri. Hilmar Malmquist starfar hjá Náttúrufræðasafni Kópavogs.

*Ellen L. Tyler,  
Verkefnastjóri umhverfismála hjá Kópavogsklúbbi.*





# Ferðalag vorið 2004

Í janúar 2004 ákvað ég að sækja um svokallaðan „Friendship Grant“, en það er eins konar vináttustyrkur. Ég hafði í nokkur ár séð auglýst í Link og Fregnum um slík boð sem alltaf eru auglýst með vissu millibili í hinum ýmsu löndum og heimsálfum. Mig hafði alltaf dreymt um að sækja um einhvern af þessum styrkjum en aldrei látið verða af því. Loksins í janúar 2004 lét ég verða af því að sækja um. Ég sendi umsókn mína í tölvupósti og bjóst alls ekki við því að hljóta vinninginn því aðeins tveir umsækjendur áttu að hljóta vinninginn og skilyrði voru að þeir byggju utan Bandaríkjanna. Ég var löngu búin að ákveða að það væri ekki stjarnfræðilegur möguleiki að ég hlýti vinninginn því tíminn var að renna út. En viti menn einn sunnudagsmorgun þegar ég var að koma dauðþreytt heim úr flugi, las ég þær gleðifréttir að ég væri önnur þeirra sem hefði hlotið styrkinn, hin væri frá Japan.

Ég hófst strax handa því að tímabilið sem um var að ræða var frá 23. apríl til 14. maí. Ég þurfti að breyta fríu mínu aðeins og það var ekkert mál. Það eina sem ég þurfti að gera var að vera komin til Los Angeles 23/4 og frá San Diego 14/5. Flugferðirnar til og frá Íslandi þurfti ég að borga, annað var í þeirra boði. Svæðið sem ég heimsótti heitir „Desert Coast Region“ og nær frá Los Angeles til San Diego. Ég hafði áður ferðast um norðurhluta Kaliforníu en ekki um þennan hluta. Það eru 47 klúbbar á þessu svæði og eins og alls staðar misjafnlega virkir.



Á meðan á heimsókninni stóð bjuggum við í ferðatöskum því að við vorum sífellt á þeytingi og breyta um heimili. Alls bjuggum við á 9 heimilum á þessum 3 vikum en maður vandist fljótt flutningunum, slíkar voru móttökurnar. Ég var búin að kynna mér allar aðstæður áður en ég fór og átti hitastigið að vera notalegt þennan tíma eða 19-23 gráður. Þetta stóðst ekki alveg og var hitabylgja allan tímann á bilinu 32-40 gráður þegar heitast var í eyðimörkinni. Ískonan frá Íslandi átti ekki í erfiðleikum með hitann en litla vinkona mín frá Japan hún Junko var ekki eins þolin (hún náði mér upp að brjóstum).

Við Junko vöktum að vonum mikla athygli hvert sem við fórum og skemmtum við okkur vel og var mikið hlegið. Því miður var enskukunnátta hennar ekki mikil en það bjargaðist alltaf. Móttökurnar voru ógleymanlegar. Við vorum yfirleitt 2-3 daga á hverju heimili og það var eins og hjá okkur þegar við tókum á móti erlendum systur, við reynum að njóta þess og hafa það eins óþvingað og hægt er. Þær notuðu þá aðferð eins og við gerum gjarnan, að safna þeim konum saman á einn stað sem höfðu áhuga



eða tíma til að hitta okkur og komu allar með eitthvað með sér. Aðaltilgangurinn var að hittast og gleðjast saman í anda vináttu og skilnings.

Það er margt sem er enn að gerjast í huga mér af því sem ég upplifði. Ein heimsókn er samt eftirminnilegust. Á einum stað þar sem við dvöldum var farið með okkur í heimsókn á öldrunarheimili til að heimsækja gamla konu, Lauru Buffin af nafni. Hún hafði merkilega sögu að segja okkur. Hún var 92 ára gömul og þjáðist af minnisleysi. Hún tilheyrir Oakland klúbbnum sem er fyrsti Soroptimistaklúbburinn í heiminum, stofnaður 3. október 1921 af 80 konum í Oakland í Kaliforníu. Hún gat sagt okkur frá því þegar hún sem ung kona og nýkomin til Kaliforníu kynntist samtökunum og hún mundi eftir nokkrum systur sem stofnuðu klúbbinn og hún á ennþá muni, m.a.næluna sína. Minni hennar var nokkuð slitrótt en við gáfum henni góðan tíma. Ég gleymi aldrei augum hennar þegar hún var að rifja upp minningar sínar. Þá var hún ekki í þessum heimi.

Við þurftum oft að mæta á fundi hjá klúbbnum þar sem við héldum ræður og sögðum frá okkur og starfinu heima. Ég var mjög vel undirbúin og hafði meðferðis ýmislegt sem kom að góðum notum. Fundartímar og fundir eru dálítið öðruvísi en í Evrópu en grundvöllurinn og markmiðin er alls staðar þau sömu. Ég gæti skrifað heila bók um ferðalag mitt með þessum yndislegum systur mínum og minningarnar mun ég ætíð geyma í hjarta mínu.

*Kær kveðja,  
Vigdís Páls.*



# Húsnæðismál aldraðra

Í síðasta blaði var birt dæmi um ráðstöfunartekjur einstaklinga og hvernig launa- og lífeyrissjóðstekjur skerða ellilífeyri, sem Tryggingastofnun ríkisins greiðir við 67 ára aldur. Nú snúum við okkur að húsnæðismálum aldraðra.

Hvað varðar hagkvæmar lausnir á húsnæðismálum fyrir aldraða hlýtt ég að segja frá þeirri aðferð, sem Sunnuhlíðar-samtökin notuðu til að leysa þau mál. Ég hef frá upphafi verið, og er ennþá, í stjórn þeirra samtaka, og er viðhorf mitt og stefna til lausna byggð á því, hvernig þar hefur á farsælan og árangursríkan hátt verið tekið á málum.

Soroptimistaklúbbur Kópavogs boðaði alla þjónustuklúbba og félagasamtök í Kópavogi til fundar í apríl 1978 þar sem málefni sjúkra, aldraðra í bænnum voru til umfjöllunar. Leiddi þessi aprílfundur til þess að níu félög sameinuðust um að stofna sjálfseignarstofnun 17. mars 1979 í þeim tilgangi að hrinda í framkvæmd byggingu hjúkrunarheimilis fyrir aldraða í Kópavogi með hjálp allra Kópavogsbúa. Hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð tók til starfa þremur árum seinna, eða 20. maí 1982. Byggður var þjónustukjarni og rými fyrir sjúkraþjálfun, dagvistun og ýmsa aðra þjónustu 1989. Ný álma var byggð við hjúkrunarheimilið fyrir fjórum árum og hjúkrunarrýmum fjölgað, þannig að nú eru þar 72 sjúkrarúm.

Hafist var handa við byggingu 40 íbúða fjölbýlishúss fyrir 60 ára og eldri sunnan við hjúkrunarheimilið í apríl 1986 og árið 1991 var reist annað samskonar hús austan við fyrsta húsið. Sama ár voru einnig afhentar 28 íbúðir að Fannborg 8. Hafa því 108 íbúðir fyrir aldraða verið reistar af Sunnuhlíðarsamtökunum.

Félagsleg könnun í Kópavogi á þessum tíma leiddi í ljós, að meira en 92% eldri borgara bjuggu í eigin húsnæði, skuldlausu eða skuldlitlu. Við byggingu fjölbýlishúsanna voru notaðar nýjar skipulagshugmyndir, sem byggjast á sjálfsákvörðunarrétti aldraðra til að velja sér sjálft stærð íbúðar, öryggi og þjónustu, með ráðstöfun eigin eigna og lífeyris. Nýjar fjármögnunarleiðir voru reyndar og gerður tíma-mótasamningur í þjónustu við aldraða við Búnaðarbanka Íslands í Kópavogi. Þar voru farnar nýjar leiðir í eignafyrirkomulagi, þar sem banki ábyrgist endurgreiðslu íbúðarverðsins til fyrsta kaupanda. Í staðinn fyrir afsal fyrir íbúð sinni fékk íbúi í hendur bankatryggingu frá Búnaðarbanka Íslands, þar sem bankinn ábyrgðist að endurgreiða íbúðarrettarhafa á 18 mánuðum frá uppsögn samnings andvirði íbúðarinnar samkvæmt brunabótamati, að teknu tilliti til fyrningar og verðs sambærilegra íbúða í Kópavogi á hverju tíma.

Íbúar fjölbýlishúsanna geta keypt sér morgunmat, hádegismat og síðdegiskaffi í matsal Sunnuhlíðar alla daga vikunnar.

Dagvist fyrir aldraða er í þjónustukjarna og er þar lítil verzlun sem Soroptimistaklúbbur Kópavogs rekur, fótisnyrtning, hárgreiðslustofa, sjúkraþjálfun, bankaðjónusta og ráðgjöf í íbúða- og fjármálum eldri borgara. Jafnframt njóta íbúarnir allrar þeirrar þjónustu sem ríkið og sveitarfélagið bjóða upp á (hjúkrun og heimilisástoð) og eru með aðgang að öryggiskerfi Sunnuhlíðar. Tveir húsverðir sjá um daglegt eftirlit og viðhald húsanna. Þeir hafa umsjón með ræstingu og lagfæra það sem aflaga fer fyrir íbúana eða kalla til iðnaðarmenn þegar á þarf að halda. Varsla er allan sólarhringinn í íbúðunum og geta íbúar með simkerfi eða hnappi náð sambandi við vakthafandi úr íbúðum sínum. Samið var við Securitas um fjarvöktun. Eykur það mjög á öryggi aldraðra að búa við aðstæður eins og sagt er hér frá. Flestir hallast að því að langbest sé fyrir aldraða að geta verið heima hjá sér eins lengi og kraftar og heilsa leyfa. Jafnframt er það ódýrara fyrir samfélagið að stytta þann tíma sem aldraðir þurfa e.t.v. á hjúkrunarvíst að halda.

Það getur komið að því að þörf verði á meiri þjónustu en boðið er upp á í ofangreindum íbúðum fyrir aldraða, og þyrfti þá að standa til boða hjúkrunarvakt á íbúðirnar - laga þannig lausnina að einstaklingnum en ekki einstaklinginn að lausninni. Nota mætti sömu fjármögnunaraðferðir og að framan er lýst við byggingu hjúkrunarrýma. Hinn aldraði hjúkrunarsjúklingur „ætti“ hjúkrunarrýmið sem hann dveldi í við góða umönnun þar til yfir lyki. Andvirði hjúkrunarrýmisins endurgreiddist síðan til erfingja á sama hátt og andvirði íbúða í Sunnuhlíð. Á hjúkrunarheimilum dveldu þá aðeins þeir sem geta ekki á nokkurn hátt séð um sig sjálfir.

Félagslegar kannanir í dag sýna eins og fyrir rúmum 20 árum, að sú kynslóð sem er að komast á eftirlaunaaldur er fyrsta kynslóð Íslendinga sem á verulegar eignir. Þessi kynslóð hefur skapað mestu verðmæti þjóðarinnar og byggt upp fyrirmyndar íslenskt þjóðfélag eins og blasir við okkur hvert sem litið er. Af 90% aldraðra þurfa ríki og sveitarfélög ekki að hafa neinar fjárhagslegar áhyggjur. Um 10% aldraðra býr þó enn við bág kjör og í leiguhúsnæði eða skuldar mikið í eigin húsnæði. Þjóðfélaginu ber skylda til að styðja við bakið á því fólki. Það ætti að vera markmið samfélagsins að búa vel að þeim sem skilað hafa ævistarfinu, svo þeir geti eytt ævkvöldinu með reisu, en þurfi ekki að kvíða ellinni.

Kæru Soroptimistasystur, af þessu má sjá hverju hægt er að koma til leiðar með sameiginlegu, félagslegu átaki. Virða ber sjálfsákvörðunarrétt aldraðra og gefa þeim kost á að velja sjálfir hvernig þeir vilja búa þegar kvöldi tekur.

Hildur Hálfdanardóttir,  
upplýsingafulltrúi SI/Í og eftirlaunaþegi.

## Nýir klúbbar:

27. ágúst 2005

MUNSTERLAND-WEST Þýskalandi

Kristín Sjöfn Helgadóttir vígði klúbbinn

10. september 2005

KOBLENZ/RHEIN Þýskalandi.

MARDIN Tyrklandi.

FANO Ítalíu

24. september 2005

PALKANE REGION Finnland

FRIZLAR-HOMBERG Þýskaland

1. október 2005

EFERDING Austurríki

8. október 2005

TYACHIV Úkraníu

22. október 2005

SOEST Þýskalandi

5. nóvember 2005

SIMFEROPOL Úkraníu

VUGHT LUMINEUS Hollandi

12. nóvember 2005

FRIA-KIMBO Guinea

3. desember 2005

ESBJERG FREJA Danmörk

# Kveðja frá Soroptimistaklúbbi Keflavíkur

## Minning



### Alda Jensdóttir

fædd 16. september 1939  
dáin 15. júní 2005



Þegar Alda Jensdóttir, formaður Soroptimistaklúbbsins okkar, setti fyrsta fund vetrarins í september sl. óraði engan fyrir því að við myndum kveðja hana í júní.

Alda var að hefja sitt annað starfsár sem formaður klúbbsins og við mættum fullar tilhlökkunar til komandi starfsárs. Við fórum stuttu síðar í Munaðarnes, vígðum 6 nýja félaga á árinu, vorum að velta fyrir okkur hátíðahöldum vegna 30 ára afmælis klúbbsins. Krafturinn sem einkenndi Öldu var þó augljóslega ekki samur og áður þó hún reyndi í lengstu lög að sinna sínum störfum. Í maíbyrjun veiktist hún og var öll 15. júní.

Alda var stofnfélagi í Soroptimistaklúbbi Keflavíkur og það var afskaplega gott að eiga Öldu að í félagsstarfinu. Hún gegndi mörgum trúnaðarstörfum fyrir

klúbbinn í Keflavík, sem og fyrir landssamband íslenskra Soroptimista en þar var hún gjaldkeri í tvö kjörtímabil. Ennfremur var hún í ritnefnd Fregna, fréttablaðs landssambandsins. Hún var ósérhlifin og sérlega glögg og minnisgóð. Alda hafði starfað fjölmörg ár í Útvegsbanka Íslands í Keflavík þegar hún tók stúdentspróf og fór í Háskóla Íslands þar sem hún lagði stund á nám í íslensku. Hún starfaði eftir það í Fjölbrautaskóla Suðurnesja og kenndi þar þýsku og íslensku til dauðadags.

Alda hafði komið sér upp heimili nálægt vinnustaðnum þar sem hún bjó með ferfættum vinum sínum, köttunum, sem hún hafði mikið dálæti á. Undir stundum hrjúfu viðmóti Öldu, ískraði leiftrandi húmor og þessi hressa, stálgreinda kona var viðlesin, enda var gaman að vera samvistum við hana. Seinni árin var hún farin að ferðast til útlanda í frítíma sínum og til stóð að fara á Evrópusambandsþing Soroptimista í júlí. Nú er hún lögð upp í aðra og meiri ferð.

Viljum við Soroptimistasystur þakka henni trausta samfylgd í gegnum árin og vottum bræðrum hennar og fjölskyldum þeirra dýpstu samúð sem og vinnufélögum í Fjölbrautaskólanum.

*Fyrir hönd Soroptimistasystra í Keflavík,  
Hólfríður Guðmundsdóttir*

# Kveðja frá Soroptimistaklúbbi Kópavogs

## Minning



### Sigrún Hulda Jónsdóttir

fædd 20. október 1947  
dáin 9. apríl 2005



Sigrún Hulda Jónsdóttir systir okkar í Kópavogsklúbbi lést þann 9. apríl, en þá um hádegisbil slökkti sá sem öllu ræður á lífsloga hennar og nú er hún öll þessi góða, hæfileikaríka og glæsilega systir okkar.

Hún greindist með krabbamein snemma árs í fyrra. En hún gafst ekki upp fyrir en í fulla hnefana, barðist hetjulega fyrir lífi sínu með dyggri aðstoð fjölskyldunnar allrar og vina, ekki síst systra okkar Þóru Guðnadóttur og Hrafnhildar Briem, og þeim ber að þakka sérstaklega. Öll lögðust þau á eitt síðustu mánuðina sem Sigrún Hulda lifði við að gera henni lífið bærilegt þar til yfir lauk. Eftir sitjum við með sorg og söknuð í hjarta. En við eigum góðar minningar um Sigrúnu Huldu sem enginn getur frá okkur tekið, þær eru perlur sem við geymum innst í okkar hjartarótum.

*Systur í Soroptimistaklúbbi Kópavogs.*



# Kópavogsklúbburinn 30 ára

Í hverfulum heimi er kvennanna ráð,  
af kappsemi að efla hér mannlíf og dáð.  
Hjá Soroptimistum það sannast sko best,  
að samtaka getum við afrekað mest.

Færar í flest, bjarga sér best.

Já, hérna er kvenfólkið hlæjandi og hresst.

Þessi vísa er ein af þeim sem hirðskáldið okkar orti í tilefni af 30 ára afmæli Soroptimistaklúbbs Kópavogs. Þessi vísu-ord eru lýsandi fyrir klúbbinn okkar en þann 4. júní sl. voru liðin 30 ár frá stofnundi klúbbsins og við minntumst þess með ýmsum hætti.



Afmælisnefndin tók til starfa strax á haustmánuðum árið 2004 og ákvað að þema afmælisársins yrði "afmælistolar". Nefndin færði systur „afmælistola“ í hverjum mánuði starfsársins. Þessir molar voru með ýmsum hætti, allt frá minningarmolum sem fluttir voru á klúbbfundum upp í dekurferð sem farin var afmælishelgina.

Í janúar var menningarmoli sá að farin var fjölskylduferð á slóðir Nóbelskálidsins Halldórs Laxness að Gljúfrasteini. Í mars var svo haldið mannamót þar sem systur og mágur áttu saman stórskemmtilegt kvöld með góðum mat, söng og skemmtun.

Hápunktur afmælisársins var svo ferð okkar systra saman í helgardekurferð að Hótel Glym afmælishelgina 3.-5. júní. Á laugardagsmorgni fórum við í bliðskaparveðri í skemmtilega gönguferð á slóðir Guðríðar Simonardóttur. Til að skapa skemmtilega stemningu stóldruðu systur við á nokkrum stöðum til að hlýða á lestur systur okkar Hrafnhildar Briem úr ævisögu Guðríðar og nutum samhliða náttúrufegurðarinnar. Síðan skoðuðum við Saurbæj-



Nú af stofnfélögum.

arkirkju sem helguð er minningu séra Hallgríms Pétursonar og dáðumst að gluggunum, listaverkum eftir Gerði Helgadóttur. Gerður er í miklum metum hjá okkur Kópavogsbúum og ber Listasafn Kópavogs nafn hennar og heitir Gerðarsafn. Eftir gönguferðina var gott að hvíla lúin bein í heitu pottunum við hótelið, dekra við sig og undirbúa fyrir kvöldið.



Þorbjörg stofnformaður og tiskusýningardama.

Hátíðarfundurinn var haldinn á afmælisdaginn 4. júní með hefðbundnu sniði. Gréta Guðmundsdóttir, formaður klúbbsins, setti fundinn en síðan tók Þorbjörg Kristinsdóttir fyrsti formaður hans við fundarstjórn. Gréta kveikti á kerti fyrir klúbbinn okkar en Hildur Hálfðanardóttir, Sólveig Moráverk og Þorbjörg, sem voru allar í fyrstu stjórn klúbbsins kveiktu á kertum fyrir landssambandið, Evrópusambandið og Alþjóðasam-

bandið. Þorbjörg sagði frá stofnundi Kópavogsklúbbsins 4. júní 1975 sem haldinn var í Félagsheimili Kópavogs. Hildur Hálfðanardóttir var útnefnd heiðursfélagi klúbbsins við mikinn fögnuð systra. Síðan tók við dýrindis kvöldverður og skemmtun að hætti okkar Kópavogssystra með söng og tiskusýningu.



Til þessa hátíðarfundar buðum við forseta landssambandsins, Sigríði Þórarinsdóttur og ritara landssambandsins, Ragnheiði Viglundsdóttur. Færðu þær klúbbnum góða gjöf og fluttu okkur hlýjar kveðjur á þessum tímamótum. Gestgjafar og starfsfólk á Hótel Glym áttu sinn þátt í að helgin verður okkur alveg ógleymanleg.

Nú í september lýkur þessu 30 ára afmælisári klúbbsins og afmælisnefndin á eftir enn einn afmælistola, sem verður kynntur á klúbbfundi í september. Við Kópavogssystur höfum átt margar og góðar stundir saman til að minnast þessara tímamóta. Gamlar minningar hafa verið rifjaðar upp og horft til framtíðar, eins og segir í þessum lokaorðum afmælisöngs okkar:

Á þrjátíu ára afmæli þykir okkur hæfa  
að þakka liðnar stundir og horfa fram á veg.  
Ef fylgir öllum störfum okkar sama gleði og gæfa  
mun gangan inn í framtíðina verða skemmtileg.

# Hildur Hálfðanardóttir heiðruð

Við í Kópavogsklúbbnum erum svo lánsamar að eiga enn á meðal okkar 13 systur sem voru stofnfélagar, 13 aðdáun-arverða frumkvöðla sem við yngri félagar klúbbsins höfum sem góðar fyrirmyndir. Systur sem hafa leitt okkur á barnsskónum í starfinu og farið um okkur móðurlegum mjúkum höndum, kennt okkur fræðin og komið okkur til nokkurs þroska.

Í tilefni af 30 ára afmælis klúbbsins ákvað stjórnin að gera einn stofnfélaga að heiðursféлага. Þessi systir okkar, að öllum öðrum ólöstuðum, hefur tileinkað sér hugsjón Soroptimistahreyfingarinnar af öllu meiri alvöru en við hinar. Hún er Soroptimisti, ekki bara á hátíðis- og tyllidögum, heldur alla daga og nætur, vakandi og sofandi og kann fræðin upp á 10, það er hægt að fletta upp í henni eins og orðabók. Hún hefur setið nánast alla klúbbfundi frá upphafi. Hún hefur verið mjög virkur félagi, alla tíð boðin og búin til starfa þegar til hennar hefur verið leitað.

Á vegum klúbbsins okkar hefur hún verið:

Formaður

Ritari

Meðstjórnandi

Formaður fjáröflunarnefndar frá 1997 til dagsins í dag

Ritari stjórnar Sunnuhlíðar frá stofnun, auk ýmissa nefndarstarfa.

Á vegum Soroptimistasambands Íslands hefur hún verið:

Forseti

2. varaforseti

Sendifulltrúi

Verkefnastjóri

Endurskoðandi

Upplýsingafulltrúi



Fulltrúi í laganefnd og gerðadómi auk ýmissa nefndarstarfa á vegum sambandsins.

Á vegum Evrópusambands Soroptimista hefur hún verið: 2. varaforseti.

Fleiri störf eru ótalin svo sem að vera guðmóðir klúbba, seta á ótal ráðstefnum og fundum erlendis en ég læt hér staðar numið í upptalningu og segi bara; geri aðrar systur betur.

Til hamingju kæra Hildur og hafðu kæra þökk fyrir að vera eins og þú ert.

*Gréta Guðmundsdóttir*

*formaður Soroptimistaklúbbs Kópavogs*

## Nýjar konur í Soroptimistaklúbbi Bakka og Selja



Þann 13. apríl sl. voru fjórar konur teknar inn í Soroptimistaklúbb Bakka og Selja. Talið frá vinstri: Ester Sveinbjarnardóttir, viðskiptafræðingur, Erla S. Árnadóttir, hæstaréttarlögmaður, María Þórarinsdóttir, sjúkraliði og Aðalbjörg Þorvarðardóttir, hjúkrunarfræðingur

# Soroptimistar í Heiðmörk

Þann 30. maí mættu 14 systur og einn maki í reit Soroptimistasambands Íslands í Heiðmörk. Þetta voru félagar úr klúbbunum í Árbæ (3), Hafnarfirði og Garðabæ (3), Kópavogi (3), Hóla- og Fella (3), Grafarvogi (1) og Bakka- og Selja (2). Verkefnið var að gróðursetja birki í melinn ofan við brekkuna austan við stafafurulundinn, flytja nokkrar plöntur og grisja. Verkefnin gengu fljótt og vel fyrir sig enda góður og samhentur hópur saman kominn. Systur var skipt í 3 gróðursetningarhópa sem hver fékk einn bakka með birkiplöntum, gróðursetningarstaf og tilbúinn áburð í fötu. Aðrar fóru í að flytja plöntur og grisja.

Vorið hafði verið mjög þurr þannig að ekki leit vel út með gróðursetningu og sérstaklega gat verið varasamt að dreifa tilbúnum áburði með plöntunum í miklum þurrki, þar sem þær gætu þornað upp og drepist. Sem betur fer, fór að rigna seinnipartinn og plönturnar fengu því áburðinn. Settar voru niður 210 birkiplöntur. Flytja þurfti til nokkrar plöntur, vegna þess að þær voru fyrir göngustígnum, að borðinu sem þarna er. Grisjunin fólst í að fjarlægja dauð tré og laga vöxt annarra. T.d. var nokkuð um að grenið væri margstofna.

Að verki loknu var sest við borðið og tekið upp nesti. Systur áttu þarna góða stund (myndin var tekin við það tækifæri).

Ég leit við í reitnum okkar fyrr í dag til að sjá hvernig plöntunum hefði reitt af. Það var sama hvar ég leitaði, ég fann enga dauða smáplöntu og margar höfðu vaxið mikið í sumar. En þar var annað sem ég fann. Þarna er mikið af sveppum bæði Furusúlungum og Kúalubba, báðir góðir matsveppir. Það er tilvalið að skreppa upp í Heiðmörk í sveppatíslu sem fyrst.



Gróðursetningarhópur Soroptimista.

Í haust lýkur fjögurra ára tímabili mínu sem verkefnastjóri umhverfismála hjá landssambandinu. Starfið hefur verið mjög skemmtilegt og ekki síst það hlutverk að efna til vinnustunda í reitnum okkar í Heiðmörk. Ég vil þakka þeim sem komið hafa og hjálpað til og vonast einnig eftir að fleiri hafi komið við þess utan, til þess að njóta staðarins.

25. ágúst 2005

Laufey B. Hannesdóttir

Verkefnastjóri umhverfismála SI/Í

## Heimsókn til Kárahnjúkakvenna

Síðastliðið haust ákvað klúbburinn okkar, Soroptimista-klúbbur Austurlands, að reyna að koma á sambandi við erlendu konurnar sem búa á Kárahnjúkasvæðinu. Í framhaldi af því buðum við konum og börnum í sunnudagskaffi í Kirkjumíðstöð Austurlands þann 21. nóvember 2004 og átti þemað að vera íslensk jól. Nokkur óvissa ríkti því allt byggðist á að veðurguðirnir yrðu okkur hliðhollir, því oft er ófært að Kárahnjúkum á þessum árstíma. Dagurinn rann upp og umhverfið var eins og á jólakortí, ísnálar yfir öllu og glitruðu þær og sindruðu eins og gimsteinar í sólinni. Það voru 15 konur og 12-14 börn sem mættu. Heimsóknin tókst í alla staði vel og gaman var að sjá hvað krakkarnir undu sér vel saman þrátt fyrir ólík tungumál. Ákváðu Kárahnjúkakonurnar að endurgjalda boðið þegar færi að vora.



Kárahnjúkakonur.



Það var svo í marsmánuði að farið var að huga að heim-sókn að Kárahnjúkum. Hafði ég samband við þær Robertu og Yoli sem hafa verið tengiliðir mínir við Kárahnjúka og farið var að huga að heppilegri dagsetningu og síðan ákveðið að það skyldi verða 8 maí. Dagurinn rann upp og við ákváðum að hittast á planinu við byggingavörudeild Kaupfélags Héraðsbúa kl. 12:30 og sameinast þar í bíla. Það voru 17 systur og nokkur börn sem óku af stað áleiðis að Kárahnjúkum í ljómandi góðu veðri en daginn áður hafði verið slydda og leiðindi.



Morgunblaðið/Steinunn Ásmundsdóttir

*Tungumálaerfiðleikar, hvað er það?*

Ákveðið var að þær Yoli og Roberta myndu koma til móts við okkur og fylgja okkur síðasta spölinn að búðunum. Hittum við þær rétt þegar við vorum að komast að vinnubúðunum. Óku þær á undan okkur gegnum vinnubúðirnar og stoppuðu utan við lítinn bragga sem ekki lét mikið yfir sér. Þar var okkur sagt að fyrst ætti að fara með okkur í útsýnisferð um virkjanasvæðið og fórum við öll í rútu sem beið okkar. Allir fengu afhenta öryggishjalma og síðan var lagt af stað. Leiðsögumaður í ferðinni var kona



Morgunblaðið/Steinunn Ásmundsdóttir

*Hvað komast margir fyrir í einni skóflu?*

sem er verkfræðingur hjá Impregilo. Ekið var um virkjanasvæðið og niður í gljúfrið og okkur sagt frá framkvæmdunum. Stoppað var á nokkrum stöðum svo við gætum betur skoðað framkvæmdirnar. Síðan var ekið aftur upp í vinnubúðirnar og stoppað fyrir utan áðurnefndan bragga. Þar tók á móti okkur hópur af konum og tveir af yfirmönnum Impregilo. Okkur var boðið að ganga inn í braggann og urðum við ekki smá hissa þegar inn var komið, því „lítli bragginn“ reyndist stærðar hús. Þar



Morgunblaðið/Steinunn Ásmundsdóttir

*Ungir sem eldri nutu gestrisni Kárahnjúkakvenna.*

reyndist vera tækjasalur og „klúbbhús“ fyrir karlkyns yfirmenn Impregilo. Höfðu konurnar fengið salinn til afnota til að taka á móti okkur og þurftu þær að byrja á því að þrifa hann allan og skreyta svo salurinn var orðinn hinn vistlegasti.

Fyrst var okkur sýnt myndband um framkvæmdirnar á Kárahnjúkasvæðinu og síðan nutum við kræsinganna sem biðu okkar. Konurnar höfðu allar lagt eitthvað til og borð svignuðu undan alls kyns kræsingum frá hinum ýmsu löndum. Allt bragðaðist þetta ljómandi vel og var mjög gaman að fá að bragða á mat frá svo mörgum löndum.



Morgunblaðið/Steinunn Ásmundsdóttir

*Viltu koma til mín?*

Setið var að spjalli og snæðingi fram eftir degi og sungum við að lokum nokkur íslensk lög. Gestgjafarnir sungu líka nokkur lög fyrir okkur og síðan kvöddumst við. Á leið út í bílana var okkur sýnd ver slunin á staðnum, sem rekin er af íslenskri konu og jafnframt matsalur starfsmanna Impregilo sem er gríðarlega stór. Þar er líka hægt að horfa á bíó og einnig er þar bar sem eingöngu selur óafenga drykki á, en áfengir drykkir eru stranglega bannaðir á svæðinu.

Dagurinn tókst í alla staði mjög vel og voru það glaðar og ánægðar systur sem héldu heim á leið seinni part dags.

*Susan Ellendersen, verkefnastjóri alþjóðlegrar vináttu og skilnings Soroptimistaklúbbs Austurlands.*



# KÁRAHNJÚKAR

Saman geta þjóðir heims lyft grettistaki

NATIONS OF THE WORLD PERFORM HERCULEAN TASKS TOGETHER



**Landsvirkjun**

The National Power Company

[www.lv.is](http://www.lv.is)